

Þorgerður Þorvaldsdóttir
sagn- og kynjafræðingur
ReykjavíkurAkademíunni
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
sími: 562 6355
e-mail: thorgh@isl.is

„Kynlegar víddir í dómnefndarálitum?“

**Er kynbundinn munur á umfjöllun um karl- og kvenumsækjendur
í dómnefndarálitum Háskóla Íslands?**



JAFNRÉTTISNEFND HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík 2002

EFNISYFIRLIT

I. INNGANGUR	3
I.1 KVEIKJAN AÐ RANNSÓKNINI.....	6
<i>Tafla 1. Fjöldi kennara við Háskóla Íslands árið 2001 eftir kyni og starfsheitum</i>	10
I.2 SAMANTEKT.....	11
II. AFMÖRKUN VERKEFNIS OG RANNSÓKNARAÐFERÐ	12
II.1 TÍMASVIÐ RANNSÓKNARINNAR.....	13
II.2 TAKMARKANIR Á ÚRTAKINU.....	13
<i>Tafla 2. Heildar fjöldi auglýstra staða á árunum 1997–1999 í úrtakinu, eftir deildum</i>	13
II.3 SAMANTEKT.....	15
III. TÖLFRÆÐILEG SUNDURGREINING	16
<i>Tafla 3. Heildar fjöldi umsókna í úrtaki eftir kyni og starfsheiti</i>	16
<i>Tafla 4. Heildar fjöldi kynjablandaðra umsókna við Háskóla Íslands 1997–1999</i>	16
<i>Tafla 5. Kynjablandaðar umsóknir úr hugvísindum 1997–1999</i>	17
<i>Tafla 6. Kynjablandaðar umsóknir úr raunvísindum 1997–1999</i>	18
III.1 SAMANTEKT.....	20
IV. UM DÓMNEFNDARÁLIT, INNTAK OG FORM	22
IV.1 KYNJUN Í DÓMNEFNDARÁLITUM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS: HELSTU EINKENNI.....	24
IV.2 KYNJAÐ ORÐALAG.....	26
IV.2.1 RANNSÓKNARHEFÐIN SKIPTIR MÁLI.....	29
IV.3 ÚRDRÁTTUR OG ÞÖGGUN.....	31
IV.3.1 SMÆTTUN MEÐ SKAMMSTÖFUNUM.....	34
<i>Tafla 7. „Kynleg“ notkun á skírnarnöfnum og skammstöfunum</i>	35
IV.4 GAGNRÝNI, AÐFINNSLUR OG LEIÐRÉTTINGAR.....	35
IV.5 JAÐARSETNING KVENNAFRÆÐILEGRAR NÁLGUNAR.....	38
IV.6 ÁHRIF TÍMANS – LÍFTÍMI VS. RANNSÓKNARTÍMI.....	41
IV.7 SAMANTEKT.....	44
V. KYN ÞEIRRA SEM SITJA Í DÓMNEFNDUM	46
V.1 SAMANTEKT.....	49
VI. AÐRIR ÁHRIFAÞÆTTIR	50
VI.1 INNHERJATENGL (E. NEPOTISM).....	50
VI.2 DEILDAR- OG SKORAPÓLÍTÍK.....	52
VI.3 ÞJÓÐERNI: VIÐ OG HINIR.....	53
VI.4 SAMANTEKT.....	55
VII. ALMENN SAMANTEKT	56
VIII. MEGINNIÐURSTÖÐUR	59
IX. HEIMILDASKRÁ	63

I. Inngangur

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands tók til starfa í ársbyrjun 1998. Starfssvið nefndarinnar nær til jafnréttismála í víðum skilningi. Hún hefur þó einkum lagt áherslu á að framfylgja ákvæðum laga nr. 28/1991 og nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.¹ Þau lög eiga sér aftur stoð í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sem er 65. gr. nr. 33/1944. Í 1. mgr. 65. gr. segir:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Í 2. mgr. 65. gr. er svo áréttað sérstaklega að:

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.²

Með jafnræðisreglunni, einkum þó 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, svo sem *Samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum* frá 1979, er kveðið á um afnám alls misréttis gagnvart konum.³ Ákvæði hans má túlka sem svo að ríkinu beri að grípa til sérstakra aðgerða til

¹ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Lög nr. 28. frá 27. mars 1991.

<http://www.althingi.is/lagas/123b/1991028.html> og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Lög nr. 96 frá 22. maí 2000 <http://www.althingi.is/altext/125/s/1311.html>

² *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*. Nr. 33/1944, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995, 65. gr. <http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1944033.html>

³ Ísland er aðili að nokkrum mikilvægum alþjóðasamningum sem eiga að tryggja jafnrétti kynjanna og afnám hvers kyns mismununar. Afdráttarlausastur er *Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum* frá 1979, sjá *Stjórnartíðindi C nr. 5/1985*. Í 1. gr. samningsins segir: „Í samningi þessum merkir „mismunun gagnvart konum“ hvers kyns aðgreiningu, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.“ Í 2. gr. f) lið er kveðið á um að aðildarríkin geri allar „viðeignadi ráðstafanir, þ.á.m. með lagasetningu, til þess að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér mismunun gagnvart konum“.

Þá er í 14. gr. *Mannréttindasáttmála Evrópu* frá 1953 kveðið á um að: „Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“ Sjá *Stjórnartíðindi C nr. 6/1987*.

Loks má nefna 26. gr. *Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi* sem undirritaður var af Íslands hálfu 30. des. 1966. „Lögin skulu banna hvers konar mismunum og ábyrgjast öllum mönnum jafna

Þess að tryggja jafnrétti í reynd. Aðgerðaleysi, jafnvel þótt fullt jafnræði ríki fyrir lögunum og allir njóti jafnrar lagaverndar, er því ekki nægjanlegt.⁴

Á grundvelli ofangreindra stjórnarskrárákvæða, laga og alþjóðasamninga og tillagna millifundanefndar háskólaráðs um jafnréttismál frá 16. apríl 1997 hefur jafnréttisnefnd samið jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og tók hún gildi 19. október 2000 með samþykkt háskólaráðs. Þar er mörkuð jafnréttisstefna Háskólans 2000–2004 og er skýrt kveðið á um tilgang hennar strax í fyrstu málsgrein:

Markmið Háskóla Íslands með gerð jafnréttisáætlunar er að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynjanna.

Í áætluninni felst viðurkenning á nauðsyn þess að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að raunverulegt jafnrétti og jafnað kvenna og karla náist. Stefnt er að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfsemi háskólasamfélagsins. Það þýðir að jafnrétti kynjanna verði haft í huga við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð.⁵

Aukin áhersla á menntun síðastliðna áratugi hefur leitt til fjölgunar nemenda við Háskóla Íslands, ekki síst kvenna, sem nú eru rösklega helmingur stúdenta. Konur standa hins vegar höllum fæti innan háskólasamfélagsins, þær eru í minnihluta í nefndum, stjórnnum og ráðum innan Háskólans og þær skila sér ekki upp í efstu stöður. Í háskólaráði eru til dæmis 11 fulltrúar, þar af eru einungis þrjár konur og kvenprófessorar við Háskólann eru aðeins 11,3%.⁶ Eitt af hlutverkum jafnréttisnefndar er að bregðast við því ójafnvægi eða kynjamun sem þarna birtist. Leiðir jafnréttisnefndar að því marki eru að standa fyrir jafnréttisfræðslu, skipuleggja aðgerðir til að draga úr mismunun og jafna stöðu kynjanna við háskólann. Litið er á jafnréttisstarfið sem lið í gæðaumbótum innan háskólasamfélagsins og er sú rannsókn sem hér er kynnt liður í því að auka innra eftirlit stjórnsýslunnar. Í þeirri skýrslu sem hér fer á eftir kemur fram að rannsóknir á stöðu

og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu ...“ *Sjá Stjórnartíðindi C nr. 10/1979 og nr. 11/1991.*

⁴ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (1999), bls. 471.

⁵ *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004.*

http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/jafnrettisaaetlun_H_I.html

kvenna innan vísindasamfélaga hafa leitt í ljós að kynjað matsferli er ein af þeim hindrunum sem konur mæta innan hins akademíska samfélags. Oft og tíðum ristir kynjaslagsíðan þó dýpra. Kynjaskipt atvinnu- og menntaumhverfi getur í sumum tilfellum leitt til þess að fáum sérmenntuðum og hæfum einstaklingum er til að dreifa af því kyni sem er í minnihluta á tilteknu sviði en kynjaskiptingin getur einnig valdið því að fólk af því kyni sem er í minnihluta á tilteknum fagsviðum sækir ekki um auglýstar stöður. Með jafnréttisáætlun Háskóla Íslands er gerð tilraun til að bregðast við þessum vanda og þar er gerð grein fyrir sérstökum áætlunum til að tryggja jafnrétti karla og kvenna innan stofnunarinnar. Þar er m.a. kveðið á um að:

Verði tveir eða fleiri umsækjendur um starf taldir jafnt að starfinu komnir þar sem þeir eru metnir jafn hæfir, verði umsækjandi valinn af því kyni sem er í minnihluta á umræddu starfssviði í samræmi við þau lagasjónarmið sem fram koma í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1993, H1993:2230.⁷

Þá er kveðið skýrt á um það í jafnréttisáætluninni að í auglýsingum um störf skuli vera sérstök hvatning til einstaklinga af því kyni sem er í minnihluta við þá deild eða stofnun þar sem umrætt starf er í boði. Einnig eru skýr ákvæði um jafnari kynjaskiptingu þeirra sem sitja í dómnefndum Háskólans, en samkvæmt tillögu jafnréttisnefndar birtist eftirfarandi ákvæði í *Reglugerð fyrir Háskóla Íslands*, frá 26. júní 2000.

Skal þess gætt að bæði karlar og konur sitji í dómnefnd eftir því sem kostur er ...
Þar sem því verður við komið skulu tilnefningaraðilar tilnefna bæði karla og konur til dómnefndarstarfa.⁸

⁶ Sjá nánar töflu 1, bls. 8. Fjöldi starfsmanna við Háskóla Íslands. Unnið úr starfsmannaskrá 1. sept. 2001. Heimasiða starfsmannasviðs Háskóla Íslands, <http://www.hi.is/stjorn/starf/fjoldi.html>

⁷ *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004*.

http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/jafnrettisaaetlun_H_I.html

Ákvæði þetta er samkvæmt forgangsreglu þeirri sem Hæstiréttur hefur mótaði á grundvelli ákvæða laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. t.d. **Hrd. 1993 bls. 2230** og **Hrd. 1996 bls. 3760**, skal velja umsækjanda af því kyni sem er í minnihluta á viðkomandi starfssviði, séu tveir eða fleiri umsækjendur jafnhæfir.

⁸ *Reglugerð fyrir Háskóla Íslands*, III. kafli, 42. grein. Ákvæði þetta er í samræmi við 20. grein laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og hljóðar svo: „Í nefndum, stjórnnum og ráðum skal,

Þá er sérstaklega kveðið á um það í jafnréttisáætluninni að:

Ráðist verði í sérstaka athugun á dómnefndarálitum til að kanna hvort ósamræmi sé í mati á körlum og konum og hvort orðfæri sé kynjað.⁹

Á grundvelli þessa ákvæðis fór jafnréttisnefnd Háskóla Íslands þess á leit við undirritaða í september árið 2000 að taka að sér það verkefni að lesa og greina dómnefndarálit við Háskólann út frá sjónarhorni kynjafræðinnar og rannsaka hvort kynjaslagsíða af einhverju tagi eða kynjað tungumál birtist í dómnefndarálitum Háskólans og hefði þar með hugsanlega áhrif á framgang og mannaáðningar.

Þungamiðja verkefnisins fólst í textarýni. Lykilhugtök við slíka greiningu eru hugtökin „kynjun“ og „kynjað málfar“ (e. *gendered language*). Þegar talað er um kynjað málfar er verið að vísa til þess þegar kynjaðar staðalímyndir og samfélagslegar væntingar um karla og konur lita og móta umfjöllun um einstaklinga, athafnir og verk þeirra. Kyn verður hluti af þeim túlkunarramma sem beitt er til að meta vísindalega hæfni. Kynjun í texta einskorðast ekki við kyn þess sem fjallað er um heldur getur hún einnig birst sem tæki til þess að hækka og lækka akademískt gildi umsækjanda, óháð líffræðilegu kyni. Orðræðan um kyngervi eða kyn (e. *gender*) er þannig notuð til þess að tákngera valdatengsl. Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar er því að auka næmi háskólafélags fyrir kynjuðum staðalmyndum sem hugsanlega geta litað matsferlið og þar með ýtt undir kynjaslagsíðu og mismunun innan vísindasamfélagsins.

Litið er á rannsóknina sem lið í innra eftirliti stjórnarsýslunnar. Til hennar var stofnað með fullum stuðningi háskólarektors enda stríðir hvers konar mismunun gegn stjórnarsýslulögum og samræmist því ekki markmiðum Háskóla Íslands.

I.1 Kveikjan að rannsókninni

Kveikjan að því að ráðist var í þetta verkefni voru innlendar og erlendar rannsóknir sem sýndu að konur standa enn höllum fæti innan háskólasamfélagsins og skila sér ekki upp í

þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.“

⁹ *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004.*

http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/jafnrettisaaetlun_H_I.html

efstu stöður.¹⁰ Því er oft haldið fram að bætt staða kvenna innan háskóla sé aðeins spurning um tíma. Samkvæmt því ætti aukinn fjöldi kvenna sem lagt hefur stund á háskólanám sjálfkrafa að leiða af sér fjölgun kvenna á efri stigum háskólasamfélagsins. Fyrst í röðum lektora og dósentanna sem síðan klífa tindinn alla leið og skila sér upp í prófessorsstöður. Nýlegar tölur og rannsóknir benda þó til annars.¹¹ Því hefur sjónum í auknum mæli verið beint að hindrunum innan kerfisins, þar með sjálfu matsferlinu. Norsk rannsókn frá árinu 1988 sýndi umtalsverðan mun á beitingu tungumáls eftir því hvort fjallað var um karl- eða kvenumsækjendur.¹² Kynbundin slagsíða í matsferli háskóla og vísindastofnana hefur síðan verið staðfest í nýlegum rannsóknum. Sænsku raunvísindakonurnar Christine Wennerås og Agnes Wold hristu ærlega upp í vísindasamfélaginu þegar þær sýndu fram á að kyn umsækjenda væri ein af þremur lykilbreytunum við úthlutun úr Rannsóknasjóði heilbrigðisvísinda í Svíþjóð *MFR*, (*Medicinska forskningsrådet*), hinar tvær voru rannsóknarvirkni og kunningjatengsl (e. *nepotism*). Eftir að hafa farið nákvæmlega ofan í saumana á tíðni birtinga, vísindastuðla tímarita og fleiru, kom í ljós að kvenumsækjendur fengu umtalsvert lélegra hæfnismat af dómnefndum en karlar með sambærilega rannsóknarvirkni og akademíska hæfni.¹³ Þá sýndi nýleg könnun meðal sálfræðinga, sem kynnt var í tímaritinu *Sex Roles* árið 1999, verulega kynjagslagsíðu innan vísindasamfélagsins. Bandarískir sálfræðingar voru látnir meta ferilskýrslur þar sem karl- og kvennöfn voru notuð til skiptis á tilbúnaðar umsóknir. Í ljós kom að:

Both male and female academicians were significantly more likely to hire a potential male colleague than an equally qualified potential female colleague. Furthermore both male and female participants were more likely to positively

¹⁰ Sjá Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti?“ (2000), „A study on the Status of Women Faculty in Science at MIT“. (1999), <http://mit.edu/fnl/women/women.html>. Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed science?* (1999), Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), Todd, Patricia and Bird, Delys, „Does Gender Make a Difference?“ (2000).

¹¹ Sjá t.d. *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 15 og Krummacker, Sybille, „Nature debates: Equal opportunities: a necessity of quality in research“. (1999), Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000).

¹² Fürst, E., *Kvinner i Akademia – inntrenger i en mannskultur?* (1988).

¹³ Wold, Agnes and Wennerås, Christine, „Commentary: Nepotism and sexism in peer-review“. (1997).

evaluate the research, teaching, and the service contribution of a male job applicant than a female job applicant with an identical record.¹⁴

Kenningar um einhvers konar þröskulda eða glerþök sem hindri framgang kvenna innan hins akademíska samfélags eru vel þekktar.¹⁵ Samkvæmt þröskuldakenningunni er gert ráð fyrir hindrunum snemma á ferlinum sem komi í veg fyrir að konur nái að hasla sér völl á tilteknum sviðum, einkum í raungreinum. Ef þær hins vegar ná að komast yfir þröskuldinn hættir kyn að skipta máli, samkvæmt kenningunni, og þær standa að fullu jafnfætis körlum. Kenningarnar um glerþakið ganga hins vegar út á það að einhvers konar ósýnileg hindrun, hið svokallaða glerþak, valdi því að konur komist næstum alla leið í hinum akademíska valdapýramíta, en nái þó ekki að brjóta sér leið upp í efstu stöður. Samkvæmt Londu Schiebinger, sem er bandarískur prófessor í vísindasögu, er vandinn hins vegar flóknari en svo. Hún talar um „stigveldisskipta aðskilnaðarstefnu“¹⁶ (e. *hierarchical segregation*) til að lýsa því hvernig margháttuð mismunun mætir konum stöðugt á öllum stigum háskólasamfélagsins með þeim afleiðingum að þær verða fáséðari eftir því sem ofar dregur í metorðastiga vísindasamfélagsins. Önnur myndlíking sem gjarnan er notuð þegar fjallað er um brottfall kvenna úr háskólum, sér í lagi úr raunvísindagreinum, hefur verið þýdd á íslensku sem „pípunar leka“ (e. *the leaky pipelines*).¹⁷ Hugtakið lýsir vel þeirri staðreynd að óeðlilega hátt hlutfall kvenna heltist úr lestinni við hvert þrep á leið upp hinn akademíska pýramíta. Schiebinger talar um að það þurfi 2000 grunnskólastelpur til þess að búa til einn kvendoktor í raunvísindum en sambærileg tala fyrir strákana sé 400.¹⁸

Líkingunni um „leku pípunar“ var beitt í nýlegri skýrslu Evrópusambandsins, *Science policies in the the European Union. Promoting Excellence through mainstreaming gender equality*, ETAN-skýrslunni svokölluðu. Skýrslan fjallar um stöðu kvenna innan vísindasamfélagsins og kom út árið 2000. Þar sést að brottfall kvenna úr raunvísindum er bæði kerfisbundið og stigmagnandi. Rannsóknir frá sex Evrópulöndum

¹⁴ Steinpreis, Rhea E., Anders, Katie A., and Ritzke, Dawn, „The Impact of Gender on the Review of the Curricula Vitae“, (1999), bls. 522–523.

¹⁵ Sonnert, Gerhard, and Holton, Gerald, „Career patterns of women and men in science“, (1996), Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), bls. 111.

¹⁶ Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed science?* (1999), bls. 33.

¹⁷ Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti“, (2000), bls. 15.

sýna að þótt sambærilegur fjöldi karl- og kvennemenda hefji háskólanám á B.S.-stigi í raunvísindagreinum eru konur rétt um 10% prófessora.¹⁹ Rökin fyrir áherslu Evrópusambandsins á aukna þátttöku kvenna koma skýrt fram í skýrslunni og eru meðal annars þau að það ógni gæðum vísindanna að hlutfall kvenna sé of lágt og að það sé soun á verðmætum að mennta ungar konur í vísindum á meðan samfélagið missi af þeim mannauði sem býr í þekkingu kvenna og hæfni. Í ETAN-skýrslunni er að finna töflu sem sýnir hlutfall kvenprófessora í 20 Evrópulöndum, auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands á árunum 1996–1998. Í þessu tilfelli eru tölurnar ekki bundnar við raunvísindagreinar heldur ná þær yfir allar háskóladeildir. Hlutfall kvenprófessora í löndunum 24 spannar skalann frá 5,0% og upp í 21,5%. Holland og Belgía eru á botninum með 5%, Tyrkland trónir hins vegar á toppnum, en það er eina landið þar sem hlutfall kvenprófessora fer yfir 20%. Í 12 Evrópulöndum, þar á meðal Íslandi, eru konur innan við 10% af heildarfjölda prófessora og ástandið er áberandi verra í Norður-Evrópu en í suðurhlutanum.²⁰ Ísraelska fræðikonan, Nina Toren, talar í þessu sambandi um pýramítadreifingu. Konur eru fjölmennar í neðstu lögunum en þeim fækkar eftir því sem ofar dregur og aðeins örfáar ná að komast upp í efsta lag pýramítans.²¹

Í grein sinni, *Er menntun lykillinn að jafnrétti? Staða kvenna í Háskólasamfélaginu*, beinir Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræðum, sjónum sínum að íslenskum aðstæðum. Þar kemur fram að íslenskar konur skila sér ákaflega hægt upp í efstu stöður í Háskóla Íslands og framgangskerfið sem Félag háskólakennara samdi um árið 1986 hefur ekki bætt hlut kvenna verulega. Hlutfall kvenprófessora við Háskólann fór úr 4% og upp í 6% á árunum 1992–1997.²² Ef tölur frá 2000 og 2001, sem birtar eru á heimasíðu starfsmannasviðs Háskóla Íslands, eru skoðaðar og bornar saman kemur í ljós að kvenprófessorar voru 9,5% í desember 2000 en þeim hafði fjölgað upp í 11,3% í september 2001, eða úr 16 einstaklingum í 19 á tæpu ári. Til samanburðar má geta þess að konum í prófessorsstöðum hefur að meðaltali fjölgað um 0,5 til 1% á ári í aðildarríkjum Evrópusambandsins.²³ Þessar tölur sýna afar hægfara breytingar. Ef beðið

¹⁸ Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed science*, (1999), bls. 54–55.

¹⁹ *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 12–13.

²⁰ *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 10.

²¹ Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), bls. 3.

²² Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti?“ (2000), bls. 12 og 18.

²³ ²³ *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 12.

er átekta eftir að kynjahlutföllin jafnist munu líða áratugir þar til að markmiðinu um jafna stöðu kynjanna í efstu lögum háskólasamfélagsins er náð.

Tafla 1. Fjöldi kennara við Háskóla Íslands árið 2001 eftir kyni og starfsheimum²⁴

	Heildarfjöldi	Þar af konur	% hlutfall kvenna
Prófessorar	168	19	11,3
Dósentar	139	37	26,8
Lektorar	82	42	51,2
Fastr. stundak.	23	10	43,4
Samtals	412	108	26,2

Þess má að lokum geta að kynjahlutfall nemenda Háskólans er ekki í neinu samræmi við kynjahlutfall kennara. Meirihluti háskólanema eru konur, í september 2001 voru 4.223 konur á móti 2.708 körlum eða 60,9% af heildarnemendafjölda. Hlutfall kvennemenda við skólann hefur þannig verið að hækka jafnt og þétt og við upphaf skólaárs haustið 2001 voru þær yfirgnæfandi í hópi nýnema í öllum deildum Háskólans nema í verkfræðideild.²⁵ Ákveðnar vísbendingar eru þó um að brottfall kvenna úr námi geti verið hærra en brottfall karla, þannig að kynjahlutföll útskrifaðra nemenda líti öðruvísi út. Þennan þátt þarf þó að rannsaka betur. Mjög skýr kynjaskipting birtist í námsvali nemenda við Háskóla Íslands sem er í grófum dráttum sambærilegt því sem gerist í háskólum annars staðar á Norðurlöndunum. Þannig er hlutfall kvenna lægst í raungreinum og verkfræði en þær eru fleiri í húmanískum greinum, félagsvísindum og uppeldisgreinum. Við Háskóla Íslands er kynjagslasiðan mest í hjúkrunarfræðideild en í september 2001 voru nemendur í hjúkrunarfræði 367, þar af voru aðeins 5 karlar eða 1,4%. Í verkfræðideild blasir hins vegar við annars konar mynd. Þar eru 838 nemendur skráðir til náms, þar af eru 211 konur eða rúmur fjórðungur.

²⁴ Fjöldi starfsmanna við Háskóla Íslands. Samtölur kennara unnið úr starfsmannaskrá 1. september 2001. Heimasiða starfsmannasviðs Háskóla Íslands, <http://www.hi.is/stjorn/starf/fjoldi.html>

²⁵ Tölur um fjölda stúdenta með skráningastöðu: Tölur teknar 4. september 2001. Nemendaskrá Háskóla Íslands.

I. 2 Samantekt

Þrátt fyrir að formlegt jafnrétti kynjanna innan Háskólans sé staðreynd, þá má finna mjög sterkar vísbendingar um einhvers konar innri hindranir sem geri það að verkum að konur eigi erfiðara með að komast upp í efstu stöður innan háskólasamfélagsins. Meirihluti þeirra sem innritast í grunnnám eru stúlkur, en konum fækkar síðan hlutfallslega eftir því sem ofar dregur. Þær eru í minnihluta í nefndum, stjórnnum og ráðum Háskólans og einungis 11,3% af prófessorum við stofnunina eru konur. Kenninguna um að „pípurnar leki“, sem beitt hefur verið í nágrannalöndum okkar, virðist því mega heimfæra upp á Háskóla Íslands. Jafnréttisáætlun, sem samþykkt var haustið 2000, er þó til marks um að háskólayfirvöld líti á umbætur í jafnréttismálum sem skilvirka leið til þess að auka gæði háskólastarfsins og styrkja innviði stofnunarinnar.

II. Afmörkun verkefnis og rannsóknaraðferð

Ákveðið var að taka til forathugunar öll dómnefndarálit frá árinu 1999 óháð því hvort einn eða fleiri einstaklingar hefðu sótt um stöðu og óháð kyni umsækjenda.

Umfang gagnanna reyndist umtalsvert og því ljóst að afmarka yrði rannsóknina til að gera hana markvissari. Í samráði við jafnréttisnefnd var ákveðið að taka einungis til skoðunar kynjablönduð dómnefndarálit, það er álit þar sem einstaklingar af báðum kynjum sóttu um starf. Hins vegar var ákveðið að taka ekki tillit til þess starfshlutfalls sem auglýst var, en í lækna- og hjúkrunarfræðideild er algengt að stöðuhlutfall fari allt niður í 25%. Skjalasafn Háskólans veitti aðgang að dómnefndarálitum og gögnum þeim tengdum, en án þess hefði rannsóknin verið óframkvæmanleg. Í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er þess þó vandlega gætt að hvergi sé hægt að bera kennsl á einstaklinga. Hvert dómnefndarálit hefur fengið sitt auðkennisnúmer og til þess er vísað þegar vitnað er í álitin í megintexta. Þá er þess vandlega gætt að afnema allar vísbendingar um faglegan bakgrunn þannig að ekki sé hægt að rekja umsagnir til þeirra skora eða deilda sem í hlut eiga. Í þessari skýrslu hefur deildum Háskólans gróflega verið skipt upp í tvö megin svið, hugvísindi og raunvísindi, en þar er stuðst við skiptinguna í *Arts* og *Sciences* sem þekkt er úr enskri tungu. Þessi gamla tvískipting er þó sannarlega ákveðin einföldun á margbrotnu háskólasamfélagi nútímans, en þar sem engin betri leið fannst til þess að skipta Háskólanum upp er notast við hana hér. Undir hugvísindi falla allar greinar í heimspeki- og félagsvísindadeild, auk lögfræði og guðfræði. Hugtakið raunvísindi verður hins vegar, í þessari rannsókn, notað sem regnhlífarhugtak yfir verkfræðideild, raunvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild og heilbrigðisvísindin, þ.e. læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, lyfjafræði og tannlækningar.

Eftir að búið var að afmarka úrtakið var þeirri vinnuaðferð beitt að lesa hvert álit fyrir sig og skrá vandlega niður hvers kyns lýsingar á umsækjendum og verkum þeirra, jákvæðar og neikvæðar, án tillits til þess hvort þær birtust sem kyngerðar eða ekki. Með þessari vinnuaðferð fékkst ákveðin yfirsýn yfir formgerð og málfar dómnefndarálitanna, en um leið urðu til vinnugögn sem síðar nýttust við kynjaða orðræðugreiningu og frekari samanburð en um það verður nánar fjallað í IV. kafla.

II. 1 Tímasvið rannsóknarinnar

Skoðuð voru dómnefndarálit frá árunum 1997–1999. Algengt er að það heildarferli sem dómnefndarálitin eru hluti af, frá því staða er auglýst og þar til í hana er ráðið, spanni meira en eitt ár. Því var ákveðið að ártölin 1997–1999 yrðu viðmiðunarár. Fáein álit þar sem staða hafði verið auglýst fyrir árið 1997 voru tekin til skoðunar ef afgreiðsla málsins dróst inn á það tímabil sem hér var til athugunar. Þá lenti eitt álit inni í úrtakinu, nánast fyrir tilviljun, þar sem staða var bæði auglýst og afgreidd árið 2000.²⁶ Loks er rétt að taka það fram að rannsóknin var augljóslega háð því að mál væru að fullu frágengin og að gögnum hefði verið skilað inn á skjalasafn Háskólans þegar rannsóknargögn voru sótt þann 24.11.2000.

II. 2 Takmarkanir á úrtakinu

Með því að takmarka rannsóknina við dómnefndarálit þar sem bæði var fjallað um karl- og kvenumsækjendur kom upp mjög greinileg deildaslagsíða. Á eftirfarandi töflu má sjá hvernig heildarfjöldi auglýstra staða og fjöldinn sem uppfyllti skilyrðið um kynjablandaðar umsóknir skiptist á milli einstakra háskóladeilda.

Tafla 2. Heildarfjöldi auglýstra staða á árunum 1997–1999 í úrtakinu, eftir deildum²⁷

Deild	Heildarfjöldi auglýstra staða	Þar kynjablandaðar af	Athugasemdir
Félagsvísindadeild	17	12	
Guðfræðideild	4	-	
Heimspékideild	12	10	
Hjúkrunarfræði	9	-	Ekki aðgreind sérstaklega fyrr en 1999.
Lagadeild	2	1	
Læknadeild	48	6	Hjúkrun inni í heildartölunni 1997–98.
Lyfjafræði	1	-	
Raunvísindadeild	17	6	
Sjúkraþjálfun	1	-	
Tannlæknadeild	7	1	
Verkfræðideild	8	1	
Viðskipta- og hagfræðideild	6	-	
Samanlagður fjöldi	132	37	

²⁶ Álitid lennti í upphaflega úrtakinu fyrir algjöra tilviljun og greining hafði farið fram áður en skekkjan uppgötvaðist. Í samráði við jafnréttisnefnd var ákveðið að halda álitinu inni í rannsókninni, þar sem lítið lá fyrir af gögnum úr viðkomandi deild.

²⁷ Tölurnar yfir heildarfjölda umsókna miða við dagsetningu auglýstrar stöðu. Fáein dæmi eru um að þær kynjablönduðu umsóknir sem skoðaðar voru væru auglýstar fyrir 1997.

Með skilyrðinu um að að minnsta kosti einn karl og ein kona hefðu sótt um auglýsta stöðu datt sjálfkrafa út fjöldi dómnefndarálita þar sem aðeins var einn umsækjandi, en jafnframt datt út fjöldi þar sem eingöngu karlmenn höfðu sótt um eða eingöngu konur, þótt slík tilfelli væru sýnu færri. Í *Árbók Háskólans 1999* er að finna súlurit sem sýnir kynjaskiptingu umsókna um fræðastörf við Háskóla Íslands á árunum 1997–1999. Þar sést að konur eru rétt rúmlega 30% umsækjenda á umræddu tímabili en karlumsækjendur eru um 70%. Þegar kemur að umsóknum um almenn störf innan Háskólans snýst hlutfallið hins vegar við. Þar eru konur í meirihluta eða um 60% þeirra sem sækja um en karlar um 40%.²⁸ Slíkar tölur sýna að staðalmyndir af *fræðikörlum* og *skrifstofukonum* eru lífseigar og eiga enn við rök að styðjast innan háskólasamfélagsins.

Ef rýnt er í töflu 2 hér að framan sést að heimspekideild og félagsvísindadeild voru með hæsta hlutfall umsókna þar sem einstaklingar af báðum kynjum höfðu sótt um stöðu á tímabilinu. Raunvísindadeild fylgdi í kjölfarið með rúman þriðjung. Kynjablandaðar umsóknir voru hins vegar hlutfallslega fáar í læknadeild eða aðeins 6 af 48 auglýstum stöðum. Þess ber þó að geta að í læknadeild er algengt að aðeins einn umsækjandi sé um hverja auglýsta stöðu. Til að mynda var aðeins einn umsækjandi um 13 af 15 auglýstum stöðum í læknadeild sem skoðaðar voru frá árinu 1999. Karlaslagsíðan í deildinni virðist þó sterk því að af þeim þrettán umsækjendum sem einir sóttu, og hlutu því væntanlega ráðningu, voru tólf karlar og ein kona.

Á töflu 2 má einnig sjá að ýmsar deildir Háskólans dattu út úr rannsókninni með skilyrðinu um kynjablandaða umsókn. Litlar deildir, eins og guðfræðideild, lyfjafræðideild og námsbraut í sjúkraþjálfun, hurfu þannig af sjónarsviðinu en það átti einnig við um stórar og fjölmennar deildir. Viðskipta- og hagfræðideild var með sex auglýstar stöður á tímabilinu en engin þeirra uppfyllti skilyrði rannsóknarinnar og í hjúkrunarfræði voru auglýstar níu stöður árið 1999 en engin kynjablönduð umsókn barst. Ef rýnt er í kynjahlutföll í þeim deildum sem ekki komust inn í rannsóknina vakna grunsemdir um djúpstæðari kynjaslagsíðu en þessari rannsókn er ætlað að fjalla um. Kynjaslagsíðu sem felur það í sér að hugsanlegum umsækjendum af því kyni sem er í minnihluta er hreinlega ekki til að dreifa, eða þeir sækja ekki um. Þannig má nefna að samkvæmt heimasíðu viðskipta- og hagfræðideildar voru þar starfandi 25 fastráðnir

²⁸ *Árbók Háskóla Íslands 1999*, bls. 30.

kennarar skólaárið 2000–2001, 11 prófessorar, 9 dósentar og 5 lektorar. Í þessum hópi var aðeins ein kona og hún er lektor.²⁹ Þessi karlaslagsíða er í miklu ósamræmi við kynjaskiptingu nemenda í deildinni, en í janúar 2001 voru 605 karlmenn skráðir þar til náms en 700 konur.³⁰ Sú einhæfa kynjamynd sem við blasir þegar horft er á kennaralið deildarinnar getur varla verið mjög hvetjandi fyrir þær ungu konur sem vilja hasla sér völl í viðskipta- og hagfræðigreinum. Erlendar rannsóknir sýna þó að kynjaslagsíða í fjármálagreinum er ekkert séríslenskt fyrirbæri. Breska dagblaðið *The Guardian* sagði frá rannsókn tveggja breskra háskólamanna, Alison Booth og Jonathan Burtons, sem sýndi að þótt konur væru þriðjungur breskra doktorsnemenda í hagfræði væru þær aðeins 4% af hagfræðiprófessorum í landinu.³¹ Í hjúkrunarfræði eru öfgarnar hins vegar í hina áttina. Þar voru stúlkur 98% af skráðum nemendum í janúar 2001 og samkvæmt heimasíðu hjúkrunarfræðideildar voru 17 af 19 föstum kennurum í deildinni skólaárið 2000–2001 konur. Það vekur hins vegar athygli að þeir tveir karlmenn sem störfuðu við deildina voru jafnframt einu prófessorarnir, hvorugur þeirra var þó prófessor í hjúkrun.³² Á vormánuðum 2001 var fyrsta konan hins vegar skipuð prófessor við deildina. Til samanburðar má geta þess að tölur frá Bandaríkjunum sýna að þrátt fyrir að 91% útskrifaðra hjúkrunarfræðinga væru konur gegndu þau 9% karla sem útskrifuðust samt 4% af prófessorsstöðum í fræðigreininni.³³

II.3 Samantekt

Að framan er fjallað um úrtakið og takmarkanir þess. Rannsóknin nær yfir tímabilið 1997–1999 en einungis kynjablandaðar umsóknir voru skoðaðar. Fyrir vikið ná deildir þar sem kynjaslagsíðan er hvað djúpstæðust ekki inn í rannsóknina þar sem einstaklingar af því kyni sem er í minnihluta sækja ekki um störf. Staðalmyndir um „eðlileg kynhlutverk“ sem eiga sér djúpar menningarlegar rætur eru þar að verki en þær móta enn náms- og starfsval karla og kvenna. Sú umræða stendur þó utan við þann ramma sem þessari rannsókn var settur.

²⁹ Heimasíða viðskipta- og hagfræðideildar, júní 2001, <http://www.hag.hi.is/deild/starfsf/starfsf.htm>

³⁰ Tölur um fjölda stúdenta með skráningastöðu: Tölur teknar 26. janúar 2001. Nemendaskrá Háskóla Íslands.

³¹ „Women hit glass ceiling in economics,“ (1999).

³² Heimasíða hjúkrunarfræðideildar, júní 2001, <http://www.hi.is/nam/hjukrun/kennarar.html>

³³ Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed Science?* (1999), bls. 35.

III. Tölfræðileg sundurgreining

Alls voru auglýstar 132 stöður lektora, dósentar og prófessora við Háskóla Íslands á tímabilinu 1997–1999. Þessi rannsókn byggir hins vegar á 35 dómnefndarálitum um 37 auglýst störf sem uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar um að minnsta kosti einn karl- og einn kvenumsækjandi hefðu sótt um og voru innan settra tímamarka.³⁴ Dómnefndarálitin 35 komu úr sjö deildum Háskólans. Þar sem framgangskerfi er við lýði er megnið af nýráðningum við Háskólann ráðningar í störf lektora. Tafla 3 sýnir hvernig störfin 37 sem skoðuð voru skiptust eftir starfsheiti og kyni þeirra sem ráðnir voru.

Tafla 3. Heildarfjöldi umsókna í úrtaki eftir kyni og starfsheiti

	Auglýstar stöður	Ráðnir karlar	Ráðnar konur	Athugasemdir
Prófessor	8	6	1	Ekki ráðið í eitt starf.
Dósent	8	2	6	
Lektor	21	11	8	Ekki ráðið í tvö störf.
Samtals	37	19	15	

Á töflu 4 sést nánari tölfræðileg sundurgreining á þeim 35 dómnefndarálitum sem lögð voru til grundvallar í rannsókninni. Þar er horft á kyn og fjölda umsækjenda, kyn þeirra sem ráðnir voru og loks kynjahlutfall þeirra sem sæti áttu í dómnefndum. Eins og sjá má á töflu 2 er hér þó aðeins um að ræða lítið brot, eða 28% af heildarumsóknum og þar með nýráðningum við Háskóla Íslands á árunum 1997–1999. Þetta ber að hafa í huga þegar kynjahlutfall nýráðninga er skoðað.

Tafla 4. Heildarfjöldi kynjablandaðra umsókna við Háskóla Íslands 1997–1999

	Alls	Þar af kk.	Þar af kvk.	Athugasemdir
Fjöldi auglýstra starfa	37			
Fjöldi dómnefndarálita	35			Í tveimur tilfellum fjallaði sama dómnefndin um umsækjendur fyrir tvö störf.
Fjöldi umsækjenda	146	91	55	
Fjöldi Ráðninga	34	19	15	Ekki var ráðið í þrjú störf.
Hlutfall ráðninga miðað við umsóknir	23,2%	20,8%	27,2%	
Fjöldi dómnefndarmanna	105	82	23	

³⁴ Þrjár stöður voru auglýstar fyrir 1997, en afgreiðsla þeirra dróst langt inn á það tímabil sem rannsóknin nær yfir og því eru þær með í úrtakinu. Að auki er skoðað eitt dómnefndarálit sem var bæði auglýst og afgreitt árið 2000.

Til að brjóta ekki gegn ákvæðum um persónuvernd var ákveðið að sundurgreina heildarúrtakið ekki nákvæmlega eftir deildum heldur notast við tvískiptinguna á milli hugvísinda og raunvísinda sem lýst var í kafla II. Á töflum 5 og 6 sjást sömu upplýsingar og á töflu 4 nema búið er að greina þær upp í tvö meginsvið. Það ber að athuga að töflurnar tvær sýna mjög misstórt hlutfall af heildarráðningum. Alls voru auglýst 38 störf í þeim greinum sem hér hafa verið flokkaðar undir hugvísindi og bárust 23 kynjablandaðar umsóknir sem er 60%. Hins vegar voru auglýst alls 97 störf sem fella má undir regnhlífarhugtakið *science* eða raunvísindi á tímabilinu. Aðeins bárust þó 14 kynjablandaðar umsóknir en það er aðeins 14% af heildarfjölda umsókna.

Tafla 5. Kynjablandaðar umsóknir úr hugvísindum³⁵ 1997–1999

	Alls	Þar af kk.	Þar af kvk.	Athugasemdir
Fjöldi auglýstra starfa	23			
Fjöldi dómnefndarálita	22			Sama dómnefnd mat umsækjendur fyrir tvö lektorsstörf.
Fjöldi umsækjenda	96	56	40	Einn karl dró umsóknina til baka áður en álit lá fyrir.
Fjöldi ráðninga	21	13	8	Ekki var ráðið í tvö störf, í öðru tilfellinu fékk enginn hæfnisdóm, en í hinu ákvað deild að fresta ráðningu og auglýsa stöðuna aftur. Ein kona dró umsókn sína til baka eftir að álit dómnefndar lá fyrir.
Hlutfall ráðninga miðað við umsóknir	21,8%	23,2%	20,0%	
Fjöldi dómnefndarmanna	66	48	18	

³⁵ Það sem hér er flokkað undir hugvísindi eru heimspekideild, félagsvísindadeild og lagadeild. Guðfræði myndi einnig falla undir þennan flokk en þar var engin kynjablönduð umsókn á tímabilinu.

Tafla 6. Kynjablandaðar umsóknir úr raunvísindum³⁶ 1997–1999

	Alls	Þar af kk.	Þar af kvk.	Athugasemdir
Fjöldi auglýstra starfa	14			
Fjöldi dómnefndarálita	13			Ein dómnefnd mat umsækjendur fyrir tvö hlutastörf.
Fjöldi umsækjenda	50	35	15	Þrír umsækjendur, tveir karlar og ein kona, drógu umsókn sína til baka áður en dómnefndarálit lá fyrir.
Fjöldi ráðninga	13	6	7	Ekki var ráðið í eina stöðuna vegna þess að enginn umsækjanda var dæmdur hæfur. Þrjár konur og tveir karlar drógu umsókn sína til baka eftir að hafa fengið hæfnisdóm. Af þeim hafði ein kona verið metin hæfust umsækjenda.
Hlutfall ráðninga miðað við umsóknir	26,0%	17,1%	46,6%	
Fjöldi dómnefndarmanna	39	34	5	

Í rannsóknarúrtakinu voru konur aðeins tæp 38% af heildarfjölda umsækjenda. Á töflunum hér að framan sést fjöldi umsækjenda og fjöldi þeirra sem voru ráðnir. Þar sést að tæpur helmingur kvenna sem sótti um starf í raunvísindum var ráðinn en einungis um fjórðungur karlumsækjenda. Hér skal bent á að þessi rannsókn beinist að orðfæri dómnefnda en er ekki úttekt á raunverulegri samkeppnisstöðu umsækjenda enda ekkert mat lagt á breytur eins og aldur eða starfsaldur umsækjenda, rannsóknarvirkni, fjölda birtinga eða gæði ritverka. Rannsóknir á framgangshraða karla og kvenna innan háskólastofnana sýna að konur eru lengur að þökast upp hinn akademíska metorðastiga en karlar. Í ljósi þessa má velja fyrir sér hvort þetta megi yfirfæra á þær konur sem eru að sækja um háskólastöður í fyrsta skipti og þar með konurnar í þessari rannsókn. Þurfa þær að hafa meiri menntun og fleiri rannsóknir á bak við sig til þess að láta sér yfirleitt detta í hug að sækja um kennslustarf við Háskóla Íslands? Þá má velja því fyrir sér hvernig á því stendur að þær konur sem ráðnar voru röðuðu sér á lægri þrepun, í lektors- og dósentstöðum, á meðan aðeins ein kona var ráðin í starf prófessors á mótí sex körlum.

Hér er athyglisvert að bera saman sviðin tvö. Það er sannarlega lengri hefð fyrir því að konur hasli sér völl innan hugvísinda en raunvísinda. Ef tafla 5 og tafla 6 eru bornar saman sést að þótt kynjablandaðar umsóknir séu umtalsvert færri í raunvísindum

³⁶ Það sem hér er flokkað undir raunvísindi eru læknadeild, raunvísindadeild, tannlæknadeild og verkfræðideild. Engar kynjablandaðar umsóknir voru til frá öðrum deildum sem áður hafa verið flokkaðar undir raunvísindagreinum.

en hugvísindum eru hlutfallslega fleiri raunvísindakonur ráðnar á tímabilinu. Tæpur helmingur raunvísindakvenna sem sótti um var ráðinn eða 7 af 15 umsækjendum. Kynjahlutfallið var jafnara innan hugvísindagreina. Við Háskóla Íslands voru kvenprófessorar í raunvísindum aðeins 8,2% af heildarfjöldanum haustið 2001, en sambærilegt hlutfall fyrir hugvísindi var 16,9%.³⁷ Þetta leiðir hugann að kenningu Toren um mismunandi stöðu kvenna eftir því hvort þær eru hluti af litlum eða stórum minnihlutahópum. Hún heldur því fram að í raunvísindum, þar sem konur eru mjög áþreifanlegur minnihlutahópur, sé þrátt fyrir allt minni hætta á mismunun vegna kynferðis en í hugvísindum þar sem konur eru fjölmennari. Þá segir Toren að í raunvísindum sé lítið á þær fáu konur sem þær hafi náð að hasla sér völl sem hálfgerðar ofurkonur, þær hafi náð að sanna sig, og að einhverju leyti aðlagast karllægum fræðaheimi, og fyrir vikið séu þær metnar að verðleikum fyrir verk sín og vísindaframlag. Þá sé minna um að konur í raunvísinum „gefi höggstað“ á sér á sama hátt og kynsystur þeirra í hugvísindum sem oftast fáist við „kvenlæg“ eða „femínísk“ viðfangsefni. Í hugvísindum, en þar eru konur sýnilegri minnihlutahópur (í sumum hugvísindagreinum eru þær í meirihluta), þurfi konur hins vegar frekar að glíma við hefðbundnar staðalmyndir um „hið kvenlega“. Hugvísindagreinar séu alla jafnan taldar „kvenlegri“ og því sé lítið svo á að konur þurfi ekki að búa yfir jafn miklum og óvenjulegum hæfileikum til þess að ná að hasla sér þar völl. Fyrir vikið geti verið auðveldara að ganga fram hjá konum og verkum þeirra þannig að dagleg kynjamismunun verði bæði áþreifanlegri og sýnilegri.³⁸

Þessi munur á kynbundnu sjónarhorni sviðanna tveggja var að nokkru leyti staðfestur í þeim dómnefndarálitum frá Háskóla Íslands sem hér voru skoðuð, en finna má dæmi þar sem konur úr hugvísindum fengu miklu gagnrýnni og neikvæðari umfjöllun en sást í dómnefndarálitum úr raunvísindagreinum. Þá leiddi nýleg bandarísk rannsókn á launakjörum og framgangi kvenna innan hugvísindagreina, sem birtist í *American Economic Review* árið 1999, í ljós að: „differences in promotion to tenure by gender persist after we control for productivity, demographic characteristic and discipline“.³⁹

³⁷ Heimasíða starfsmannasviðs Háskóla Íslands, 1.sept. 2001, <http://www.hi.is/stjorn/starf/fjoldi.html>

³⁸ Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), bls. 42–43.

³⁹ Ginther, Donna K., & Hayes, Kathy J., „Gender differences in salary and promotion in the humanities,“ (1999), bls. 402.

Greinarhöfundar áréttu að niðurstöður rannsóknarinnar á kjörum kvenna innan hugvísinda styðji enn fyrri kenningar um glerþak – um ósýnilega hindrun innan háskólasamfélagsins sem kemur í veg fyrir, eða að minnsta kosti tefur verulega, framgang kvenna. Og fullyrt er að sú staðreynd að konur festast eða dvelja lengur á lægri þrepum háskólapýramítans feli í sér sé djúpstæðari mismunun en kemur fram í kynbundnum mun á launum sem enn er til staðar innan hvers þreps. Niðurstöður könnunar sem gerð var á stöðu kvenkennara í raunvísindagreinum við bandaríska háskólann MIT flækir þó þá mynd sem hér hefur verið dregin upp, en þar kom á daginn að fæð kvenna innan raunvísinda tryggði þeim alls ekki „jafnrétta“ stöðu. Skýrsla, sem ber titilinn „A Study on the Status of Women Faculty in Science at MIT“, var birt í mars 1999 eftir að kvenkennarar við skólann höfðu stofnað með sér félag og sýnt rektorinum, Robert J. Birgenau, fram á að gróft kynjamisrétti viðgengist við stofnunina. Skýrslan, sem vakti mikla athygli, leiddi í ljós að konur voru bæði áþreifanlegur og einangraður minnihlutahópur, en þær voru einungis 8% af heildarfjölda kennara við skólann árið 1994 þegar kvennanefndin var stofnuð og rannsókninni ýtt úr vör. Þrátt fyrir fæðina, eða kannski einmitt vegna hennar, urðu konurnar fyrir margháttaðri kynjamismunun. Hún birtist meðal annars í því að aðbúnaður kvennanna var verri en karlkyns starfsbræðra þeirra. Konurnar höfðu minna rannsóknarpláss (e. *laboratory space*) og verra aðgengi að rannsóknarleyfum og styrkjum og þær máttu þola fræðilega einangrun af ýmsum toga. Eitt af því sem var hvað mest sláandi í skýrslunni var að kjör og aðstæður kvennanna versnuðu heldur eftir því sem þær þokuðust ofar í akademískri virðingarröð háskólans og fræðileg einangrun þeirra og vanlíðan í starfi jókst.⁴⁰

III.1 Samantekt

Í kaflanum að framan er tölfræðileg sundurgreining sem sýnir kynjahlutfall við nýráðningar í kennarastöður við Háskóla Íslands. Þegar borinn er saman árangur kvenna í hug- og raunvísindum virðist konum sem sækja um stöður innan raunvísindagreina vera að vegna betur. Þær fáu sem sækja um eru umtalsvert líklegri til að hljóta ráðningu en karlar og kynsystur þeirra í hugvísindum. Hér verður þó að hafa í huga að aðeins lítið brot af umsóknum við auglýst störf í raunvísindagreinum uppfylltu rannsóknarskilyrðið

⁴⁰ „A Study on the Status of Women Faculty in Science at MIT“, (1999).

um kynjablöndun, eða 14%. Ennfremur má benda á að þau matsviðmið sem notast er við í raunvísindum eru að öllu jöfnu staðlaðri og samræmdari en í hugvísindum og því minna rými fyrir huglægt mat. Því má varpa fram þeirri spurningu hvort þetta endurspegli ef til kenningu Toren um „ofurkonur“ í raunvísindum, það er að kvenumsækjendur í raunvísindum hafi raunverulega meira á bak við sig þegar þær sækja um og standi því fræðilega séð sterkar að vígi en þorri karlumsækjenda. Í hugvísindum þar sem kynjahlutföllin eru jafnari til að byrja með er fleiri kvenumsækjendum til að dreifa. Þar eru kynjablandaðar umsóknir 60% af heildarfjöldanum. Þar eru hins vegar hlutfallslega fleiri karlumsækjendur að fá ráðningu.

IV. Um dómnefndarálit, inntak og form

Þau dómnefndarálit Háskólans sem hér voru skoðuð voru unnin innan þess ramma sem mælt er fyrir um í reglugerð um veitingu starfa háskólakennara frá 1997.⁴¹ En þar segir í grein 3.1:

Að teknu tilliti til menntunar skal mat byggt á eftirfarandi starfsþáttum: rannsóknir, kennsla, stjórnun. Þetta er almennt viðmið en einstaka þættir kunna að skarast í forgangs röðun.

Og um rannsóknarþáttinn segir í grein 3.3:

Við mat á rannsóknum skal leggja megináherslu á vísindagildi þeirra. Við það mat ber að athuga frumleika rannsóknarverkefnisins og sjálfstæði gagnvart öðrum rannsóknum og ritverkum, þekkingu á stöðu rannsókna á viðkomandi fræðasviði, meðferð heimilda og vísindaleg vinnubrögð, fræðilegar nýjungar og eftir atvikum notagildi rannsókna.⁴²

Þrátt fyrir framangreindan ramma var áberandi munur á dómnefndarálitum á milli deilda. Við það bættist síðan töluverður innbyrðis munur frá einu álit til annars, bæði hvað varðar lengd, efnistöð og stíl, enda komu 105 einstaklingar að gerð þeirra.

Gróflega sagt er almenna reglan sú að álit úr raunvísindagreinum eru stutt, knöpp og stöðluð. Hæfi er dæmt út frá fyrirframgefnum mælistikum sem mæla ritvirkni, fjölda birtinga, vísindastuðul þess rits sem birt er í og hvort umsækjandi er skráður fyrsti höfundur greinar. Þrátt fyrir knappan stíl skutu kynjuð einkenni þó upp kollinum. Álit úr hugvísindum eru hins vegar alla jafna lengri, minna stöðluð og almennt má segja að þau byggist á eigindlegri túlkun í samræmi við fræðileg viðmið viðkomandi fræðigreinar

⁴¹ Reglugerð um veitingu starfa háskólakennara frá 1997 féll úr gildi með samþykkt Reglugerðar fyrir Háskóla Íslands 26. júní 2000. Þeir liðir sem hér er vísað til standa þó að mestu óbreyttir. Sjá *Reglugerð fyrir Háskóla Íslands*, I. hluti, III. kafli, 43. grein.

⁴² Reglugerð um veitingu starfa háskólakennara. Nr. 366/1997 <http://www.hi.is/stjorn/handbok/2/2veitingstarfa.html>

frekar en skýrt afmörkuðum stöðlum. Umfjöllun um sérhvert verk er að jafnaði lengri og ítarlegri og fyrir vikið gefst meira svigrúm fyrir ýmis kynjuð einkenni.

Nokkuð hefur verið fjallað um vísindaleg matskerfi í erlendum rannsóknum. Nýleg bandarísk rannsókn sýndi fram á að akademískir sálfræðingar af báðum kynjum sem fengu til umsagnar tilbúna ferilskrár (e. *curriculum vitae*) þar sem nöfn umsækjenda voru eina breytan mæltu frekar með ráðningu karlkyns en kvenkyns umsækjenda með sambærilega ferilskrá. Sömuleiðis voru bæði rannsóknir og kennslureynsla karlanna hærra metnar en nákvæmlega sama reynsla ef kvennafn var sett efst á ferilskrána. Þá leiddi sama rannsókn í ljós að deildarstjórar voru líklegri til að mæla með að kvenumsækjendur yrðu ráðnir í stöðu lektors (e. *assistant professor*) en karlar í dósentstöður (e. *associate professor*).⁴³ Toren heldur því fram að í raunvísindagreinum, þar sem staðlarnir til að meta gæði og mikilvægi rannsóknarverka eru „hlutlægir, algildir, skýrir og ótvíræðir“, sé erfiðara að vanmeta konur og framlag þeirra. Í hugvísindagreinum þar sem skýra staðla skorti og engin samhæfð leið sé til að prófa þær mælistikur sem beitt er til að meta einstök rannsóknarverk sé auðveldara að ganga fram hjá konum. Við slíkar aðstæður telur hún, og fyrirliggjandi rannsókn styrkir það, meiri hættu á að óviðkomandi þættir, svo sem kyn, aldur, kynþáttur eða þjóðerni, liti heildarmatsferlið.⁴⁴ Sænsku vísindakonurnar Wold og Wennerås sýndu með rannsókn sinni, svo ekki varð um villst, að þrátt fyrir skýra og algilda mælikvarða í raunvísindum eru raunvísindamenn ekkert ónæmari fyrir persónulegum fordómum en aðrir. Persónuleg tengsl, svo og vitund um kyn umsækjanda, höfðu þannig afgerandi áhrif á heildarmatsferlið og þar með á úthlutun rannsóknarstyrkja.⁴⁵

Í ljósi framangreindra rannsókna hafa ýmsir bent á að kannski sé tímabært að endurhugsa hugmyndina um kynjamismunun innan fræðasamfélagsins. Í stað þess að einblína á svokallaða neikvæða mismunun gagnvart konum sé ef til vill orðið tímabært að huga að því hvort karlar séu hugsanlega að njóta jákvæðrar mismununar af einhverju tagi. Með öðrum orðum að mismununin felist í einhvers konar bónus sem karlar fá með sér í veganesti, frekar en því að raunverulega sé verið að bregða fæti fyrir konur. Áströlsku

⁴³ Steinpreis, Rhea E., Anders, Katie A., and Ritzke, Dawn, „The Impact of Gender on the Review of the *Curricula Vitae*“, (1999), bls. 522–523.

⁴⁴ Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), bls. 55–56.

⁴⁵ Wold, Agnes & Wennerås, Christine, „Commentary: Nepotism and Sexism in Peer-Review“, (1997).

fræðimennirnir Todd og Bird tala t.d. um háskólasamfélagið sem „karllegan menningarheim“ (e. *culture of masculinity*) og fullyrða að þau gildi sem þar ráði ríkjum endurspegli fyrst og fremst lífshlaup og gildi hvíttra karlanna og að kynjamisrétti sé því innbyggt í sjálft kerfið.⁴⁶ Toren tekur í sama streng en hún fullyrðir að þegar komi að stöðuveitingum, framgangi innan háskóla og styrkveitingum séu karlmenn augljósir, „uppáhaldskandidatar“. Konur þurfi hins vegar meira að hafa fyrir því að sanna sig. Þær og rannsóknarverk þeirra séu vandlega gaumgæfð og strangari viðmiðum sé beitt til að sannreyna hæfni þeirra og verðleika.⁴⁷

IV.1 Kynjun í dómnefndarálitum við Háskóla Íslands: Helstu einkenni

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er, eins og áður sagði, að rýna í þá orðræðu sem er notuð til að fjalla um umsækjendur um lektors-, dósent- og prófessorsstöður við Háskóla Íslands og rannsóknarverk þeirra til að kanna hvort kyn sé hluti af þeim túlkunarramma sem beitt er við matsferlið. Rétt er að ítreka að hér verður ekki reynt að leggja mat á hæfni þeirra umsækjenda sem í úrtakinu lentu, enda er það alls ekki tilgangur rannsóknarinnar. Þess í stað verður sjónum beint að þeim aðferðum sem notaðar eru til að fjalla um umsækjendur af báðum kynjum og aðferðirnar gaumgæfðar út frá kynjuðu sjónarhorni. Lykilspurning rannsóknarinnar snýr að því út frá hvaða sjónarhorni niðurstöður dómnefnda voru fengnar. Það er hvort kyn umsækjanda eða aðrir áhrifaþættir, svo sem kunningjatengsl, skora- og deildarpólitík og/eða þjóðerni, sem ekkert hafa með hæfni til rannsókna og kennslustarfa að gera liti hugsanlega matsferlið.

Í ljós kom að dómnefndir Háskóla Íslands eru ekki ónæmar fyrir kyni umsækjenda eða öðrum áhrifabreytum frekar en sambærilegar nefndir og stofnanir erlendis. Kynjun í dómnefndarálitum er þó yfirleitt ómeðvituð en ekki gerð af ásetningi í þeim tilgangi að lyfta körlum upp eða halda konum niðri. Þá er kynjun ekki eitthvað fast og áþreifanlegt sem auðvelt er að bera kennsl á eða reka fingurinn í. Mikilvægt er að hafa í huga að kynjun getur birst undir jákvæðum formerkjum engu síður en neikvæðum. Í stað þess að leita eftir *neikvæðri umfjöllun um konur* er því mikilvægt að gefa sérstakan gaum að því sem kallað hefur verið *jákvæð mismunun karla*. Hún getur lýst sér í ítarlegri

⁴⁶ Todd, Patricia and Bird, Delys, „Does Gender Make a Difference?“ (2000), bls. 3.

⁴⁷ Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), bls.70. Sjá einnig, Sonnert, Gerhard, and Holton, Gerald, „Career patterns of women and men in science“, (1996).

umfjöllun, jákvæðum athugasemdum sem eru eins og „klapp á bakið“ og því að reynt er að sýna fram á styrk karlumsækjenda frekar en að draga fram veikleika þeirra, en hið gagnstæða má víða sjá í umfjöllun um konur. Oft liggur kynjunin í því sem ekki er sagt, í þöggun, „úrdrætti“ eða smættun og því að umsækjendur fá misítarlega og gagnrýna umfjöllun um sig og verk sín.

Mikilvægt er að hafa í huga að þegar talað er um eitthvað sem kvenlegt þýðir ekki að það fyrirfinnist hjá öllum konum, né heldur konum eingöngu, heldur að þeir þættir séu meira áberandi í umfjöllun um konur en karla. Kynjun, eða kynjað málfar, verður þannig tæki til tjá jákvæða eða neikvæða dóma, óháð líffræðilegu kyni þeirra sem um er fjallað. Finna má „karllæg“ eða „ofurjákvæð“ álit um konur rétt eins og karla, þar sem karllæg einkenni eru notuð til að hækka hæfa einstaklinga í álitum og gefa þeim fræðilegt vægi. Sömuleiðis eru fjölmörg dæmi af neikvæðum karlaálitum sem sum hver hafa flest þau einkenni sem hér eru tilgreind sem kvenleg. Kvenleg einkenni eru þannig notuð til að „skrifa niður“ og þar með rýra traust á „óaskilegum“ umsækjendum af báðum kynjum. Fyrir vikið munu einhverjir karlar sem fengið hafa um sig dómnefndarálit kannast við einhver þeirra einkenna sem flokkuð eru sem kvenleg í umfjölluninni hér á eftir. Það að nota kvenlegar lýsingar til að gera lítið úr karlmennsku einhvers, og þar með draga ágæti hans í efa, eða að nota karllegar lýsingar til að leggja áherslu á ágæti valinkunnra kvenna eru þó engin ný sannindi en aðferðin er vel þekkt úr ýmsum Íslendingasögum, til að mynda *Njálu*.⁴⁸

Kynjuðum einkennum í dómnefndarálitum má gróflega skipta í fimm flokka. Flokkarnir eru misjafnlega umfangsmiklir og talsvert er um innbyrðis skörun á milli flokka. Sundurgreiningin er ekki byggð á fyrirframgefnum stöðlum heldur þróaðist hún við lestur og úrvinnslu gagnanna. Flokkarnir fimm eru:

- 1) *Kynjað orðalag*
- 2) *Úrdráttur og þöggun*
- 3) *Gagnrýni, aðfinnslur og leiðréttingar*
- 4) *Jaðarsetning kvennafræðilegrar nálgunar*
- 5) *Áhrif tímans, líftími vs. rannsóknartími*

⁴⁸ Helga Kress, „Ekki höfum vér kvennaskap“ (1996), bls.15–43.

Verður nú gerð nánari grein fyrir hverjum flokki fyrir sig með vísun í dæmi úr dómnefndarálitunum sjálfum. Til þeirra er vísað eftir ákveðnu númerakerfi þannig að sjá má ef oft er vísað í sama álit. Öllum persónulegum einkennum og vísunum í tiltekin fræðasvið hefur hins vegar verið eytt þannig að ekki er hægt að bera kennsl á það fólk sem um ræðir. Skáletrun er beitt þegar vitnað er í dómnefndarálitin til að leggja áherslu á kynjuð einkenni. Öll skáletrun skrifast því á skýrsluhöfund en ekki höfunda þeirra dómnefndarálita sem vitnað er í.

IV. 2 Kynjað orðalag

Þegar talað er um kynjað orðalag er einkum átt við orðalag sem byggist á eða vísar til staðlaðra ímynda um kynhlutverk; karlmennsku og kvenleika og samhenginu þar á milli. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að hugmyndir um kyngervi (e. *gender*) eru alltaf byggðar á hugmyndum um mismun. Karlmennsku og kvenleika er þannig stillt upp sem andstæðum, kvenleiki er það sem karlmennska er ekki og öfugt. Gallinn við kynjaþverstæðuna er hins vegar sá að andstæðu pólarnir tveir standa ekki jafnfætis, hið karllega og hið kvenlega hafa ekki sama félagslega vægi. Fyrir vikið er hægt að nota karllegar og kvenlegar lýsingar til þess að hækka og lækka vægi umsækjenda, óháð líffræðilegu kyni þeirra. Í fæstum tilfellum er um meðvitað ferli að ræða, þegar hrósa á fólki er einfaldlega nærtækt að grípa til karlgerðs tungumáls. Yfirleitt er „karllægni“ af einhverju tagi því meira áberandi í dómnefndarálitum en kvenlegar áherslur. Kannski er það vegna þess að rannsóknir og vísindi hafa lengst af verið skilgreind sem karllæg svið og því erum við von að líta á hvers kyns orðfæri sem tengist vísindum og fræðaiðkun sem karllægt. Skemmtilega undantekningu er þó að finna í dómnefndaráliti þar sem talað er um einu og sömu konuna sem *skapandi og frjóa fræðikonu* og síðan í niðurstöðum að hún hafi *reynst frjór og frumlegur fræðimaður* (Álit 5). Þetta er eina dæmið þar sem talað er um „fræðikonu“ annars er venjan að tala um bæði konur og karla sem „fræðimenn“.

Kynjað tungumál getur haft ýmis konar birtingarmyndir. Algengast er líkingamál af einhverju tagi sem vísar þá í athafnir og svið sem hefðbundið er að tengja öðru kyninu frekar en hinu. Þannig mátti í þeim dómnefndarálitum sem hér voru skoðuð finna líkingar sem dregnar voru úr glímumáli, smíðamáli, hetjusagnamáli, hestamannamáli og hannyrðamáli, svo eitthvað sé nefnt. Kynjað líkingamál var þannig áberandi í eftirfarandi

broti úr dómnefndarálitum um stöðu í hugvísindum. Þetta var ef til vill það dómnefndarálit þar sem kynjun og áhersla á staðlaðar kynmyndir var hvað mest áberandi en dómnefnd var eingöngu skipuð körlum. Klisjur um karllega hreysti voru þar notaðar til þess að ítreka hæfni og þrek karlumsækjanda en sagt var að hann hafi:

glímt af harðfylgi, smíðað sjálfur og sýnt hve duglegur hann sé að ryðja sér braut og fara eigin leiðir þótt þungt sé fyrir fæti. ... Þá víkur hann sér hvergi undan vandanum, er bæði frumkvæður og frumlegur enda nýtur hann trausts meðal lagsbræðra sinna á Norðurlöndum. (Álit 16).

Ef rýnt er í lokasetninguna má ætla að umsækjandi komi úr „kynhreinum umhverfi“ (e. *gender purity*), fræðaheimurinn birtist sem bræðralag karla, þar eru engar „lagssystur“ sem trufla eða setja blett á hreinleikann. Þá er talsvert um notkun á stöðluðum klisjum um kvenleika og karlmennsku sem vísa til einkenna og dyggða sem hefðbundið er að eigna öðru hvoru kyninu, t.d. umhyggju og alúð kvenna eða hreysti og áræði karla. Norsk rannsókn sem gerð var árið 1988 sýndi svipaðar kynjaðar máltilhneigingar. Körlum var þar eignaður frumleiki, leiftrandi gáfur og snilld. Konum var hins vegar hrósað fyrir hve þær væru iðnar, nákvæmar, þolinmóðar og úthaldssamar.⁴⁹ Í umfjöllun um konu sem einnig sótti um stöðuna sem nefnd var hér að ofan var mikið lagt upp úr því að útlista kvenlegar dyggðir hennar. Þær máttu sín þó lítills andspænis mætti karlmenskunnar. Konan var þannig með:

verkefni ... á þrjónunum og hafði mörg járn í eldinum samtímis en hún glímir sjaldan við gátur. Þá hafði hún sinnt starfi sínu af alúð, haft gott auga fyrir skipulagningu og átti auðvelt með að umgangast fólk. Meginkostir hennar voru nákvæmni og samvirkusemi. (Álit 16).

Svona augljós kyngerving, upphafning á karlmennsku og tíundun á kvenlegum dyggðum var þó undantekning í dómnefndarálitum Háskólans frekar en regla. Kvengerving

⁴⁹ Fürst, E., *Kvinner i Akademia – inntrenger i en mannskultur?* (1988) Hér vitnað í grein Þorgerðar Einarsdóttur, „Er menntun lykillinn að jafnrétti?“ (2000), bls. 21.

umsækjenda er þannig alla jafna sjaldséð. Nokkuð er hins vegar um að „karlgert orðalag“ sé notað til að gera upp á milli karlumsækjenda eða bera lof á verðugar konur. Því karlmannlegra sem orðfærið er, þeim mun hæfari er umsækjandinn, kynjun verður þannig hluti af því ferli að hækka eða lækka fólk í álit. Þannig segir á einum stað um þann karl sem dæmdur var hæfastur:

má segja að hann sé *fullþroska fræðimaður, frumlegur og óhræddur við að takast á við hugmyndir og verkefni, sem fáir eða engir hafa fengist við. ... hefur hann rutt nýja braut og skapað nýtt svið ... Hann er frumlegur og þroskaður fræðimaður.* (Álit 12).

Ekki er þó einhlítt að kynjaðar málfarsklisjur fylgi endilega „réttu kyni“. Í einhverjum tilfellum er karllegt málfar þannig notað til að leggja áherslu á hæfni kvenna. Í einu dómnefndarálit átti kona þannig *vel unna og skapandi smíð* (Álit 4). Kvenumsækjandi í annarri fræðigrein *glímir við torvelt og metnaðarfullt efni* og dómnefnd taldi að hún *hafi komist klakklaut yfir þetta torleiði* (Álit 22). Og í öðru tilfelli hafði sú kona sem dæmd var hæfust verið *successful in aggressively attracting external funding* (Álit 29). Annars staðar er kvenumsækjandi sem fékk stöðuna borinn mjög lofsamlegum orðum með lýsingum sem frekar teljast karllegar en kvenlegar: *rannsóknir hennar eru brautryðjandastarf á Íslandi, grein hennar er skörulega skrifuð og hún hefur sýnt mikið frumkvæði og verið í forsvari.* Þó bregður við kvenlegri tón þegar talað er um að hún leggi *metnað og alúð í kennslustörf sín* (Álit 10). Í þessu samhengi er vert að skoða hvort sú hefð sem ríkir innan greinarinnar hafi eitthvað að segja, en í þessari tilteknu skor eru konur í miklum meirihluta fastra kennara.

Þess eru einnig dæmi að kynjað málfar sé notað til að kvengera óæskilega karlumsækjendur. Hér ber að taka það skýrt fram að hin kvenlegu ummæli þurfa alls ekki að vera neikvæð í sjálfu sér, þvert á móti. Þannig var sagt um karlumsækjanda, sem ekki hlaut hæfnisdóm, að doktorsritgerð hans væri *frísklega skrifuð* og grein eftir hann væri *lipurlega samin*. Hvorug ummælin eru neikvæð sem slík ef umfjöllunarefnið hefði verið stutt tækifærisgrein í dæгурtímariti. *Frískleiki* og *lipurð* eru hins vegar alls ekki orðfæri sem yfirleitt er notað um góðar doktorsritgerðir (Álit 6). Þá má að lokum nefna dæmi þar

sem þær skoðanir sem fram koma í fræðilegu rannsóknarverki konunnar eru settar fram í ýktum reyfarastíl. Við það verða þær ofurkvenlegar, barnalegar og jafnvel hlægilegar, þannig að höfundur missir allan trúverðugleika. Þannig segir:

Höfundur er í nöp við ofbeldisfulla ribbalda sem hún telur að hafi vaðið uppi ... og lýsir stundum andúð sinni á þeim. (Álit 18).

IV. 2.1 Rannsóknarhefðin skiptir máli

Það hvenær orð og lýsingar eru karllægar eða kvenlægar liggur þó alls ekki alltaf ljóst fyrir. Gerð var kynbundin talning á birtingartíðni hugtaka sem á einhvern hátt þóttu kynlæg, þótt öll væru jákvæð. Talningin var þó eingöngu bundin við eina tiltekna deild, félagsvísindadeild. Eftirfarandi orð voru skoðuð og talin: *frumlegur*, *brautryðjandi*, *alúð*, *lipur* og *frjó*. Í ljós kom að sáralítill munur reyndist á tíðni orðanna eftir kyni. Eina undantekningin var notkun á orðinu *frumlegur*, en það var sagt níu sinnum um konur en 21 sinni um karla. Jafnmarga karla og konur *skorti* hins vegar *frumleika*, eða tvo af hvoru kyni. Þess ber þó að geta að á bak við talninguna voru umsagnir um 27 karlmenn en 23 konur. Fleiri konur voru hins vegar *brautryðjendur*, sex á móti þremur körlum, fjórar konur höfðu sinnt störfum sínum af *alúð*, en þrjú karlar, fjórir karlar höfðu hins vegar gert eitthvað af *lipurð* en aðeins ein kona. Loks voru þrjár konur *frjóar* en aðeins einn karl. Jákvæðni einstakra frasa og hugtaka virðist þó eitthvað breytileg eftir greinum og rannsóknarhefðum. Í því samhengi var sérstaklega athyglisvert að skoða áherslumun á milli deilda og skora.

Í fræðigreinum þar sem nákvæmni og heimildarýni vega þyngra en frumleiki var hugtökum sem vísuðu til einhvers konar *frumleika* eða *áræðni* stillt upp gegn höfuðdyggðum greinanna *skýrleika* og *nákvæmni*. Fljótt á litið virðist því umfjöllun um konu sem sótti um stöðu í fremur íhaldssamri grein vera mjög lofsamleg og nánast „karlleg“. Ef nánar er rýnt í orðræðuhefð viðkomandi fræðigreinar kemur hins vegar í ljós að kvenumsækjandinn birtist sem svolítill óhemja:

Þótt segja megji, að *umsækjandi hafi komist klakklaust yfir þetta torleiði*, verður að telja að unnt hefði verið að setja þetta efni fram á skýrari og markvissari hátt með

beinskeyttari röksemdafærslu. ... er viðfangsefni það, sem *umsækjandi glímir við* ... erfitt viðureignar ... Verður að virða framlag umsækjanda í þessu ljósi. ... umsækjandinn hefur lagt sig fram við verkið og unnið að því *af elju*. Hinsvegar þykir ekki goðgá að hreyfa því, hvort ekki hefði verið gerlegt, þrátt fyrir *tyrfið viðfangsefni*, að setja þetta fram á *skýrari og markvissari hátt*. (Álit 22).

Á sama hátt virðist við fyrstu sýn sem lítið sé gert úr frumleika og rannsóknarhæfileikum karls sem sótti um sömu stöðu. Hann virðist vera góður penni en ekkert sérlega djarfur fræðimaður. Við nánari athugun kemur þó í ljós að í umsögninni um hann eru tíundaðar flestar þær dyggðir sem hafðar eru í hávegum innan viðkomandi fræðasviðs:

Sú ritsmíð umsækjanda sem hér um ræðir ... *er samin á góðu og skýru máli og uppbygging hennar er einnig skipuleg og aðgengileg*. Vísað er til heimilda ... með fullnægjandi hætti.... Ályktanir höfundar eru hófsamlegar og vel yfirvegaðar. ... *Meðferð heimilda er vönduð og skýrleiki einkennir efnismeðferð og skipulag ritgerðarinnar. Málfar er gott og vandað ... Kunnáttusamlega er fjallað um mikilvæg hugtök*. (Álit 22).

Í annarri hefðbundinni, en svolítið íhaldssamri, fræðigrein snýst orðfæri sem vísar til frumleika og kappsemi, sem yfirleitt er ávísun á karlmennsku og þykir því jákvætt, upp í andstæðu sína. Karlumsækjendur sem þóttu á einhvern hátt óæskilegir, og ógnuðu jafnvel hefðum tiltekins fræðasviðs, birtast sem óvandvirkir göslarar, enda hafa þeir brotið gegn kröfum fræðasviðsins um greinileika og nákvæmni. Eftirfarandi brot eru til vitnis um þetta:

XX er *kappsamur og duglegur fræðimaður og skirrist ekki við að ráðast til atlögu við hin erfiðustu úrlausnarefni*. ... Efnistöð ... eru að ýmsu leyti *frumleg* en meinið er hversu *glannalegur og ónákvæmur* hann er í ályktunum og úrvinnslu heimilda. *Takist honum að vinna bug á þessum vanda má vænta mikils af honum*. (Álit 18).

Annar umsækjandi um sömu stöðu hafði verið duglegur við að leita í smiðju til erlendra kennismiða en það var ekki endilega talið honum til tekna:

XX er leitandi og fylgist vel með stefnum og straumum ... erlendis ... Hann er ákaflega kappsamur við að tileinka sér nýjungar ... XX er brautryðjandi ... en virðist skorta nægilega færni á þessu sviði. ... Hann er frumlegur og sjálfstæður í vali verkefna og verk hans hafa mikið notagildi að því leyti að þau hvetja til umræðna um lítt könnuð efni og örva aðra til að takast á við þau. (Álit 18).

Þessi dæmi sýna að það sem yfirleitt er talið karllægt og jákvætt er það ekki í öllum fræðigreinum. Til samanburðar er að lokum stutt brot úr dómnefndarálitum um sömu stöðu þar sem til umræðu er einstaklingur sem uppfyllir kröfur fræðigreinarinnar. Í öðru samhengi hefðu útlistanir á nákvæmni og ritfærni ef til vill getað þótt kvenlegar og því veigalítlar, en sinn er síður í hverju landi og í þeirri fræðigrein sem hér um ræðir þykir slíkt höfuðdygd:

Honum er tamt að rekja viðfangsefni sín til rótar og er nákvæmur í úrvinnslu sinni. Hann hefur jafnan traust ... fræðileg tók ... og viðar að sér geysimikilli þekkingu ... Þetta er til fyrirmyndar ... hann er einarður í skoðunum og ritfær. (Álit 18).

IV. 3 Úrdráttur og þöggun

„Úrdráttur“ eða þöggun á verkum kvenna er ef til vill eitt megineinkennið á kynjaðri umfjöllun, það er algengara en kynjað orðalag, en kannski er tengingin við kyn þess sem um er fjallað ekki alltaf jafn augljós við fyrstu sýn. „Úrdráttur“ felst í því að framlag umsækjenda (oftast kvenna en stundum karla) er þaggað, verk þeirra fá minni umfjöllun en annarra og gjarnan eru notuð smættandi heiti og frasar sem draga úr tiltrú á umsækjendum og verkum þeirra. Á einum stað var þannig talað um að kvenumsækjandi hefði skrifað talsvert af *tækifærisgreinum* (Álit 13). Þá er algengt að tala um verk kvenna sem *yfirlit* frekar en *frumlegar rannsóknir*, eða gera mikið úr því að verk sé *unnið í samstarfi við aðra* og hlutur umsækjanda því óljós. Þeir (oftast karlar) sem hljóta náð eru

hins vegar lofaðir með hástemmdum orðum og mikið gert úr frumleika þeirra sem fræðimanna. Hjá þeim er rannsóknin oft rakin í tiltölulega löngu máli, efnislega en gagnrýnislaust. Hér er því á ferðinni birtingarmynd þess sem áður hefur verið nefnt „jákvæð mismunun karla“. Hún felst í því að karlar fá dýpri og alvarlegri úttekt á verkum sínum og þeir eru frekar teknir alvarlega sem fræðimenn. Sem dæmi um það má nefna að tveir karlar, sem báðir fengu stöðu í hugvísindagreinum, fengu um það bil einnar síðu gagnrýnislausu en lofskotna endursögn á doktorsritgerðum sínum (Álit 13 og Álit 15). Rannsóknir og niðurstöður kvenna eru hins vegar sjaldnar endursagðar gagnrýnislaust. Algengara er að hjá þeim sé bent á misfærslur, villur, heimildir sem gleymdist að skoða eða dæmi sem betur hefði mátt vinna úr. Allt lof er hins vegar skorið við nögl. Slíkar umfjallanir minna oft meira á yfirlestur kennara yfir nemandaritgerð en vísindalega umsögn dómnefnda um fræðileg verk. Eftirfarandi brot úr dómnefndarálitum sýnir þetta. Hér er sérstaklega eftirtekarvert að skoða hvernig jákvæð umsögn er jafnan botnuð með neikvæðum athugasemdum:

Greinin ... er sundurlaus á köflum og spurningunni ... er ekki fylgt nægilega vel eftir. ... Rannsóknin er að litlu leyti byggð á frumrannsóknnum og styðst mjög við eftirheimildir ... þetta áhugaverða athugunarefni gúfar upp í greininni. Það hefði verið ástæða til að ræða betur ... ekki er getið heimilda fyrir þessari niðurstöðu né meira um þetta mál rætt. ... Þetta er athyglisverð ábending og hefði meiri úrvinnsla verið æskileg. ... Er þetta ágæt athugun sem þó er ekkert unnið úr, og lítið er fjallað um ... Hér kemur XY að mikilvægu atriði ... en sleppir tækifærinu að útfæra það nánar. ... Fyrir kemur að slegið er fram alhæfingum að óathuguðu máli. ... Þetta er ekki rétt nema að litlu leyti. ... Úrvinnsla mætti samt vera bæði betri og meiri. ... alltof langar beinar tilvitnanir án nægilegrar umræðu eins og höfundur hafi ekki gefist tími til að ljúka við greinina. (Álit 13).

Í annarri umfjöllun er ítrekað reynt að gera lítið úr fræðilegum frumleika kvenumsækjanda og í ályktarorðum sagði:

Í fræðistörfum lætur henni best *að draga saman fróðleik til yfirlits*, en *glímir sjaldan við gátur þannig að hún vinni sig áfram skref fyrir skref með fræðilegri röksemdarfærslu uns marki er náð* eða niðurstaða fengin. Þess vegna er ekki mikið um nýstárlegar athuganir eða óvæntar niðurstöður í ritum hennar. Stærst af einstökum verkum XY er ... *en hún er ekki eini höfundur að því verki*. Það er tvímælalaust höfuðrit á sínu sviði, *þótt gallað sé*. (Álit 16).

Annað dæmi um úrdrátt er eftirfarandi umfjöllun um þátt tveggja umsækjanda í erlendu samstarfi. Hér nýtur karlinn sannarlega einhvers konar „karlabónuss“. Talað er á jákvæðum nótum um báða umsækjendur, en við nánari skoðun stingur fámælgin um konuna í augu í samanburði við það orðskrúð sem notað er um karlumsækjandann. Umsögn um konuna fer fyrst:

Þessar tvær ritgerðir eru *afrakstur rannsóknarstarfa XY með norrænum kollegum sínum ... Á síðustu árum hefur XY tekið virkan þátt í norrænum rannsóknum ... og lagt þannig ágætan skerf til að kynna íslenskar [rannsóknir á fræðasviði sínu] á erlendum vettvangi*. (Álit 8).

Hann *hefur gott vald á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði ... Má tvímælalaust fullyrða, að umsækjandi sé með þátttökunni í norrænu/alþjóðlegu samstarfsverkefni ... að leggja mikilvægt framlag til samanburðarrannsókna ... en ávinningurinn er ekki síst sá að með þátttökunni kemur umsækjandi „Íslandi á kortið“ í metnaðarfullum ...fræðirannsóknum á alþjóðlegan mælikvarða. ... hefur XX gegnt margs konar trúnaðarstörfum á norrænum vettvangi*. (Álit 8).

Loks eru eftirfarandi glefsur úr umfjöllun um tvær konur sem báðar sóttu um sömu stöðu til marks um þöggun eða úrdrátt. Sú fyrri fékkst við *hefðbundnar spurningar og skorti fræðilegan frumleika og sjálfstæði* (Álit 12). Hjá hinni síðari gekk úrdrátturinn lengra. Þannig var talað um að hún stundaði:

takmarkaðar rannsóknir ... skorti rannsóknarreynslu ... skort á fræðilegum vinnubrögðum ... hugmyndir ... ekki í samræmi við þá umræðu sem er ofarlega á baugi ... í nágrannalöndum okkar. (Álit 12).

Eins og fram hefur komið eru kynjuð einkenni hvers konar meira áberandi í hugvísindagreinum og öll dæmin að framan eru þaðan komin. Þó skjóta kynjuð einkenni einnig upp kollinum í raunvísindum. Í eftirfarandi álitum er þannig ítarleg og nákvæm umfjöllun um rannsóknir og ritverk beggja umsækjenda, þar sem skýrt skilgreindum vísindastuðlum var fylgt eftir í hvívetna án þess að dómnefnd tjáði huglægt mat sitt á verkum þeirra. Í niðurstöðum leyfði dómnefnd sér þó að bregða fyrir sig kynjuðu orðalagi, eða úrdrætti. Öll umfjöllun um konuna var þannig skorin við nögl:

Hún fær ágæt meðmæli ... fyrir mjög góðan árangur við kennslu, stjórnun og vísindastörf. ... hefur verið ötul við rannsóknir á sérsviði sínu. Einnig hefur hún með góðum árangri, innt af hendi kennslu- og stjórnunarstörf. (Álit 34).

Hjá karlinum bregður hins vegar fyrir kynjuðu skrudmælgj:

þar er um að ræða frumlega vinnu, brautryðjendastarf ... hlaut mikið lof kennara sinna og leiðbeinenda ... fyrir frábæran námsárangur og vísindastörf. ... XX hefur verið óvenjuötull og frumlegur við rannsóknir. (Álit 34).

IV. 3.1 Smættun með skammstöfunum

Loks er vert að minnast á sérkennilega útfærslu á úrdrætti sem þó birtist aðeins í einu dómnefndarálitum – en hún snýr að mjög sérkennilegri notkun á nöfnum og skammstöfunum. Almenna reglan er sú að skammstafanir á nöfnum eru ekki notaðar í dómnefndarálitum heldur er fjallað um umsækjendur undir skírnarnöfnum, eða föður- og fjölskyldunöfnum ef álitin eru á ensku. Í einu dómnefndarálitum þar sem fjallað var um fjóra umsækjendur, þrjá karla og eina konu, stakk í augu að nafn konunnar, sem jafnframt var yngst umsækjanda, var nánast alltaf skammstafað. Hjá tveimur karlumsækjendum (A og C) voru nafn og skammstöfun notuð nánast jöfnun höndum en hjá fjórða umsækjanda

(karli B), sem jafnframt var þeirra elstur, var nafnið alltaf skrifað fullum fetum en skammstöfunum aldrei beitt. Fyrir vikið var hann þó nefndur heldur sjaldnar en aðrir umsækjendur eins og sjá má á meðfylgjandi töflu (Álit 17).

Tafla 7. „Kynleg“ notkun á skírnarnöfnum og skammstöfunum

	Fullt nafn	Skírnarnafn	Skammstöfun
Kona	3	3	25
Karl A	6	10	17
Karl B	6	18	-
Karl C	4	8	13

IV. 4 Gagnrýni, aðfinnslur og leiðréttingar

Eitt af því sem þessi rannsókn leiddi í ljós var að það er miklu algengara í umfjöllun um konur en karla að farið sé út í beinar aðfinnslur, efnislega gagnrýni og eltingarleik við villur og annað sem betur mætti fara. Þetta spannar allt frá því að tíunda frágangs- og prentvillur, leiðréttar einfaldar staðreyndavillur yfir í dýpri og alvarlegri gagnrýni á efnistöð og jafnvel rannsóknarspurningar. Það skal þó tekið skýrt fram að hér verður ekki lagt mat á innihaldslegar forsendur fyrir gagnrýni um einstök verk umsækjenda. Gagnrýni og aðfinnslur á efnistöð og vinnubrögð, svo og beinar leiðréttingar, eiga vafalaust í einhverjum tilfellum rétt á sér. Það stakk hins vegar í augu að sjá að leiðréttingar af þessu tagi var miklu oftár að finna í umsögnum um konur, og þá jafnvel á kostnað heildstæðrar úttektar á rannsóknarverkum. Við þetta vöknudu upp spurningar um það hvort vitundin um kyn þess sem fjallað er um móti þær aðferðir sem beitt er við umfjöllunina. Ábendingar um smásmugulegar villur voru þannig áberandi í eftirfarandi umsögn um kvenumsækjanda:

Í greinagerð ... er orðið ... ranglega kallað ... (gæti verið prentvilla). ... það er óneitanlega ljóður á þessari þörfu bók að í henni er dálítið um amalegar fljótfærnisvillur, bæði efnislegar og málvarslegar, og verður að skrifa eitthvað af því á reikning XY. (Álit 16).

Svipaðar ábendingar um villur og hluti sem betur máttu fara var þó að finna hjá karlumsækjanda í öðru fagi sem ekki þótti æskilegur kandiðat. En í álitinu var beitt þeirri aðferð, sem oftár sést þegar fjallað er um konur, að gera lítið úr fræðilegri hæfni með því

að draga í efa og benda á villur. Eitthvað var þannig *alrangt og rökstuðningur ... varla nógu sannfærandi* (Álit 6). Í dómnefndarálitum úr öðru fagi fann dómnefnd sig hins vegar knúna til að leiðrétta það sem þeir töldu vera staðreyndavillu höfundar. Þannig segir:

um þátt [Herra XX] ... (*það er sögulega villandi að kalla hann XX eins og gert er í bókinni*). (Álit 7).

Þessa leiðréttingu bar höfundur, sem er kona, reyndar til baka í athugasemdum sem hún gerði við álitid, þar sem hún hvikaði hvergi frá fyrri skoðun sinni. Í umfjöllun um unga konu sem sótti um háa stöðu mátti hins vegar sjá allan skalann, allt frá umkvörtunum yfir prent- og frágangsvillum yfir í athugasemdir um rannsóknaráherslur í doktorsritgerð:

ber því ekki að leyna, að *frágangi ritgerðarinnar er mjög ábótavant* og er það ljóður á fræðiriti; bæði eru villur í upptekningu texta, prentvillur í ensku meginmáli og jafnvel skammstöfunum, ekki rétt vísað til heimilda og gengið fram hjá mikilvægum eftirheimildum. Þýðing beinna tilvitnana mætti vera nákvæmari og sums staðar eru berar skekkjur. ... Höfuðgallinn við rannsókn XY er sá að hún er *ekki nógu markviss*; hún *hefur ekki markað sér leið*, útdúrar eru of margir og of mikið sett hér inn sem heyrir eiginlega til baksviðs könnunarinnar. ... Með því að beina rannsókninni inn á hugmyndafræðileg efni ... yrði hún ugglaut mjög gagnleg, en eins og hún er nú er hún *of stefnulaus*.

... XY hættir einna helst til að sjást yfir fyrri rannsóknir á þessu sviði, vitnar um of í erlendar *auctoritates* þegar nær liggur að vitna í [norræna] fræðimenn ... *henni sést yfir rannsóknir* ... sem og túlkanir XX [sem í þessu tilfelli var formaður dómnefndar!]. (Álit 17).

Út frá kynjuðu sjónarhorni er athyglisvert að skoða þessar „föðurlegu“ athugasemdir um málfar og stíl, ásamt stöðugum ábendingum um að fræðikonan hafi ekki kynnt sér málið nógu vel, ekki lesið nógu vel heima. Í umsögn um hana mátti því finna meiri og beinskeyttari gagnrýni en um nokkurn hinna. En fleiri dómnefndir voru fundvísar á villur og smáhnökra. Eftirfarandi brot eru úr dómnefndarálitum þar sem stór hópur umsækjenda

sótti um stöðu. Villuleit og gagnrýni á efnistöð var þar ekki bundin við einu konuna sem sótti um heldur var þeirri aðferð einnig beitt til þess að draga úr áreiðanleika „óæskilegra“ karlumsækjenda. Eina konan sem sótti um fékk þó sannarlega ekki góða meðhöndlun en um hana sagði:

Kenning höfundar ... er illa rökstudd og vafasöm ef ekki beinlínis röng. ... Þetta er glannaleg tenging og fyrri ályktunin virðist vera röng. ... Ályktanir höfundar ... missa alveg marks ... Höfundur nefnir þetta ekki og virðist ekki kannast við kenningu ... þótt hún hafi vakið mikla athygli og umræður. ... Allmikið er um efnislega smáhnökra og ónákvæmni eða vanþekkingu ... Fyrir þessum vafasömu ályktunum eru færð lítil eða engin rök. ... Doktorsritgerð hennar telst þó tæplega frumlegt verk og fræðilegar nýjungar eru fæstar vel rökstuddar og sumar ósannfærandi. (Álit 18).

En óheppilegir karlar voru líka sakaðir um fljótferni, ónákvæmi og villur. Þannig segir um doktorsritgerð eins af þeim karlumsækjendum sem einna neikvæðustu umfjöllunina fékk:

Þrennt er einkum aðfinnsluvert, fyrst hversu könnun höfundar ... er ófullkomin, í öðru lagi hversu illa rökstutt er val á samanburðartölum ... og í þriðja lagi hversu óljós rökin eru ... Höfundur er þannig ærið mislagðar hendur. ... Verður lítið að marka niðurstöður hans út frá þessum dæmum ... Nefna má fjölda grundvallarrita sem höfundur vitnar aldrei í ... Mikið er um smáhnökra, titlar ekki réttir eða skortir, vantar útgáfuár, heiti greina, blaðsíðutöl o.fl. í þeim dúr. (Álit 18).

Og um annan karl sem sótti um sömu stöðu sagði:

Umræða hans um vanda þann sem tengist þessum ... flokki er rýr í roðinu ... Hann gagnrýnir hugmyndir fræðimanna ... á þessum forsendum ... sem stenst auðvitað ekki. ... tölur þær sem hann birtir eru fjarri lagi eða um fjórfalt hærrí ... Höfundur láist alveg að útskýra þetta. (Álit 18).

IV. 5 Jaðarsetning kvennafræðilegrar nálgunar

Eitt af því sem skoðað var sérstaklega var hvers kyns umfjöllun um kvennarannsóknir eða kynjafræðilega nálgun. Í einhverjum tilfellum kemur það fyrir að dregið er sérstaklega úr „kvennafræðilegum“ áherslum og talað um þær sem „þröngt svið“ o.s.frv. Annars staðar er kynjafræðilegt sjónarhorn heldur talið umsækjendum til tekna. Hér skiptir rannsóknarhefðin miklu máli, þá skiptir og máli að skoða kyn og fræðilegan bakgrunn þeirra sem sæti eiga í dómnefndum. Þannig er athyglisvert að bera saman eftirfarandi umsögn um karl og konu en í dómnefnd sátu þrír karlmenn. Rannsóknir á kvannahreyfingu voru þannig *mikilvægt brautryðjendastarf* en þær falla ekki undir *mikilvæg svið* eins og rannsóknir karlumsækjandans gerðu. Um verk konunnar sagði:

Þær fjalla ... um hlut íslenskra kvenna ... eru *skýrar og lipurlega skrifaðar* ... má segja að þær séu *frumvinna í fræðum* ... *í þeim er grunnvinna um svið sem aðrir hafa ekki sinnt* áður. ... Rannsóknir *styðjast við hefðbundnar aðferðir* ... sem höfundur fer vel með ... XY hefur með rannsóknnum sínum ... *unnið mikilvægt brautryðjendastarf* ... *Vönduð heimildarvinna einkennir* ... *bækurnar en veikleiki þeirra er að þær skortir kennilega sýn, frumleika í skýringum og tilgátusmíð.* (Álit 7).

En um karlinn og hans verk segir:

Um rannsóknir XX má almennt segja að *þær markist af mikilvægum viðfangsefnum* ... og séu reistar á aðferðum [fagsins]. *Ritstörf hans eru viðamikil og efnisdrjúg* og yfirleitt sýnir höfundur þar *haldgóða þekkingu og færni* ... *Rannsóknarverk hans eru vandlega unnin og eru á mikilvægum sviðum* [fræðigreinarinnar]... Hann hefur *bæði með umfangi og gæðum rannsóknar sinnar sýnt fram á að hann fullnægi kröfum* ... (Álit 7).

Hliðstæð jaðarsetning eða „úrdráttur“ þar sem ýjað er að því að kvennafræði séu frekar þröngt svið kemur fram í yngra álitum úr sömu deild. Í þessari dómnefnd sátu einnig þrjú karlmenn. Um konu sem sótti um stöðu segir:

Á heildina litið eru verk hennar þannig á frekar þröngu sviði en engu að síður er þar um að ræða mikilvægt brautryðjendastarf. (Álit 8).

Eftirfarandi ummæli eru hins vegar höfð um karlumsækjandann:

Rannsóknir XX eru fyrst og fremst á fremur afmörkuðu en afar miðlægu sviði ... og hefur hann unnið þar gott brautryðjendastarf. (Álit 8).

Þá er athyglisvert að bera saman tvö álit sem bæði fjalla um sömu manneskjuna. Í fyrri dómnefndinni sitja þrjú karlmenn og þar segir:

Many of her articles deal with *similar subjects*. ... She is a pioneer of ... research directed especially at ... women ... [She] is involved in interesting work and has opened up new areas of research on the position of women... Her publications are fairly numerous, *but many of her articles deal with the same or similar subjects and are limited to a fairly narrow area* ...

XY has carried out research on women... and made a significant pioneering contribution. *Almost all of the works deal with a similar subject and often repeat similar points.* (Álit 3).

Til samanburðar er umfjöllun annarrar dómnefndar um sömu konu. Hér er hins vegar formaður dómnefndar kona:

XY hefur unnið markvisst að rannsóknarsviði sínu, þróað það og dýpkað og tengt það öðrum efnissviðum [fræðigreinarinnar]...

Þar sem nær allar rannsóknir ... hafa beinst að hefðbundnu verksviði karla bæta rannsóknir XY mikilvægri vídd við vísindalega þekkingu ... Rannsóknir XY eru

brautryðjendarannsóknir og sýna góða faglega þekkingu, frumleika og vönduð vinnubrögð. (Álit 4).

Karlar sem beita kynjafræðilegu sjónarhorni fá um margt öðruvísi meðhöndlun en konur sem beita hliðstæðum aðferðum. Hjá körlum birtist kynjafræði gjarnan sem frjótt sjónarhorn og það er nefnt til marks um fræðilega víðsýni. Hjá konunum er hins vegar meira horft á rannsóknarefnið sjálft, það er konur og stöðu kvenna á hinum ýmsu sviðum, en ekki á rannsóknaraðferðina sérstaklega. Þó má finna dæmi þar sem kvennafræðileg áhersla virðist vera notuð til að draga úr trúverðugleika karlumsækjanda eða kvengera hann. Þannig birtist eftirfarandi klausa í frumgerð dómnefndarálits:

Í ritgerðinni beitir XX sjónarhóli kvennafræða og styðst einkum við hugmyndir og kenningar um hvað einkennir ... kvenna. (Álit 12, fyrri útgáfa).

Vegna harkalegra athugasemda nokkurra umsækjenda var álitid endurskoðað og í seinni útgáfunni hafði klausan verið klippt út, án þess þó að umsækjandi hafi gert sérstakar athugasemdir við hana. Í öðru dómnefndaráliti fá tveir karlumsækjendur mjög lofsamleg ummæli fyrir að beita femínískum rannsóknaraðferðum, enda er slík rannsóknarhefð sterk innan fagsins. Annar þeirra tengir rannsóknarefni sitt:

á virkan hátt femínískri [aðferðafræði] ... og í niðurstöðum segir; áhuga- og rannsóknarsvið hans er vítt og tengist því sem efst er á baugi í ...fræðilegri umræðu samtímans. (Álit 13).

Annar karlumsækjandi um sömu stöðu hafði hins vegar skrifað *ítarlega umfjöllun um stöðu og hlutverk femínískra fræða í samtímanum* og í niðurstöðukafla fær hann þá umsögn að *hann fylgist vel með því sem efst er á baugi* (Álit 13). Kona sem einnig sótti um sömu stöðu fékk heldur lakari meðferð. Rannsóknarefni hennar er kvenlegt en skorta þótti á að hún beitti femínískum kenningum:

Í greininni fer ekki fram nein teoretísk umræða ... sem þó er fyrirferðamikil í femínískum fræðum síðustu áratugi. ... og í niðurstöðum segir að konan sé; vel að sér [í fræðigrein sinni] ... og að henni sé sýnt um að miðla teoretísku efni til almenns lesanda. (Álit 13).

Í ljósi ofangreindra dæma má velta fyrir sér hvort sú staða geti verið að koma upp að kynjafræðileg sýn, og/eða rannsóknir sem lúta að konum sérstaklega, séu teknar sem tákni um víðsýni og dirfsku í fræðunum ef þær eru stundaðar af karlkyns fræðimönnum, á meðan sambærilegar rannsóknir fræðikvenna séu á einhvern hátt „skrifaðar niður“ og afgreiddar sem jaðarsvið. Ekki verður fullyrt um þetta út frá svo fáum dæmum en þau gefa tilefni til vangaveltna.

IV. 6 Áhrif tímans – Líftími vs. rannsóknartími

Áhersla á rannsóknarvirkni er lykilþáttur í dómnefndarálitum eins og kveðið er á um í reglugerð um veitingu starfa háskólakennara. Tímabátturinn og áhersla á jafna og stöðuga ritvirkni er þó alla jafnan meira áberandi í raunvísindum en í hugvísindum. Í ETAN-skýrslunni er því haldið fram að heimur vísindanna sé karllægur og að normið sem miðað er við, „vísindamaðurinn“, sé karlkyns. Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um muninn sem felst í því að meðhöndla konur *eins og karla* (e. *the same as men*) eða meðhöndla þær á *jafnréttum* forsendum (e. *equal to them*).

Litið er á feril kvenna og tímaklukku sem frávik, sem í besta falli er tekið tillit til, en aldrei eitthvað sem geti talist eðlilegt norm. Til þess að ná árangri þurfa konur því að lifa lífi sínu eins og karlar, geri þær það ekki er hætt við mismunun. Sem dæmi þar um má nefna áhersluna á óbrotinn starfsferil þar sem ekki er gert ráð fyrir töfum eða hléum vegna barneigna.⁵⁰ Philippe Busquin, rannsóknarstjóri ESB, sagði í viðtali í tengslum við ráðstefnuna *Kyngferfi og rannsóknir* (e. *Gender and Research*) sem haldin var dagana 8.–9. nóvember 2001 að „þörf sé á að breyta vísindastefnu þannig að hún taki meira mið af lífi kvenna í stað þess að ganga út frá því að það sé einkavandamál þeirra að samræma hin mörgu hlutverk sín“.⁵¹ Þegar kemur að því að útskýra fjarveru kvenna úr efstu lögum

⁵⁰ *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 24.

⁵¹ Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Fjölgun kvenna í vísindum. Ekki bara jafnréttisspursmál heldur nauðsyn“. (2002).

háskólasamfélagsins, og þá staðreynd að konur eru alla jafnan lengur að brjóta sér leið upp í toppstöður, eru barneignir og fjölskylduábyrgð einn af þeim þáttum sem gjarnan er horft til. Rannsóknir sýna þó að ekki er endilega beint samband á milli barnafjölda og rannsóknarvirkni, enda algengara að konur hafi eignast öll eða flest sín börn áður en þær taka að klífa upp metorðastiga háskólasamfélagsins. Þvert gegn öllum væntingum vegnar barnlausum konum ekkert endilega betur innan háskóla en þeim konum sem eru mæður.⁵²

Í dómnefndarálitum Háskólans má stundum lesa út úr umsögnum um konur að verulega hafi dregið úr rannsóknarvirkni þeirra um tiltekinn tíma, sem auðvitað er ekki talið þeim til tekna. Án þess að það komi beinlínis fram berum orðum má stundum lesa á milli línanna að slíkt „hlé“ hafi komið til vegna barneigna. Í einu dómnefndaráliti úr hugvísindum voru barneignir þó nefndar berum orðum en það kom reyndar frá umsækjanda sjálfum. Þannig segir:

Síðan 19xx hefur XY alið ... upp tvo syni. ... Í bernsku þeirra segist hún ekki hafa haft tíma til annarra starfa en bókaþýðinga og pistlaskrifa. (Álit 19).

Þegar rannsóknir og framgangur karla hafa dregist á langinn eru hins vegar dæmi um að þeir séu afsakaðir sérstaklega með vísunum í mikla yfirvinnu og trúnaðarstörf hvers konar sem þeir hafa tekið á sig. Hjá karlumsækjanda í hugvísindum birtist tímaþátturinn á þann hátt að áhersla var lögð á mikla vinnu umsækjanda. Það var því vegna mikilla kennsluanna (NB ekkert barnastúss) sem doktorsritgerðin tafðist. Því tók dómnefnd skipuð þremur körlum sérstaklega fram að hann hefði:

langa reynslu af kennslu á háskólastigi, en hann hefur kennt fulla kennslu – og reyndar langt umfram fulla kennsluskyldu ... að mestu samfleytt í tvo áratugi. Jafnhliða kennslustörfunum ... hefur XX gegnt margs konar stjórnunarstörfum [og] ... trúnaðarstörfum á norrænum vettvangi ... Fjölbreytt stjórnunarreynsla ... ber því glöggt vitni að hann nýtur mikils trausts innan Háskóla Íslands. (Álit 8).

⁵² Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science*, (2000), bls. 82 og 91–99 og Sonnert, Gerhard, and Holton, Gerald, „Career patterns of women and men in science“, (1996), bls.7 af 11.

Í lokakafla var tekið fram að hann væri lengra kominn í rannsóknarvinnu sinni en kvenumsækjandi á sama aldri, enda lengra síðan hann lauk doktorsprófi þrátt fyrir að í doktorsritgerðinni hafi legið *mikil vinna og tímafrek* (Álit 8). – Eitthvað virtist hins vegar hafa tafið konuna annað en mikil kennsla og rannsóknir. Í öðru dómnefndaráliti úr hugvísindum hefur hins vegar tímaþátturinn snúist við, þar eru íslenskir karlumsækjendur sakaðir um hálfgerðan seinagang. Í fyrra tilfellinu er það þó gert á mjög nærgætnislegan hátt: *His Ph.D. dissertation, (rather long in the making)* (Álit 15). Í lokaniðurstöðu um hinn karlinn sagði aftur á móti:

XX is the oldest of the candidates ... He has just recently completed his doctorate ... given the length of his career he has produced comparatively little. (Álit 15).

Það má hins vegar ljóst vera að konan sem sótti um stöðuna var ekki þjökuð af barnastússi:

Although by far the youngest of the applicants, XY was nevertheless the only one who had completed her doctorate prior to applying for this post (indeed, she had done so two years earlier). ... her curriculum vitae indicates that XY has produced more works in this category than any of the other applicants. (Álit 15).

Sé eftir því leitað má finna dæmi í dómnefndarálitum úr raunvísindagreinum þar sem ýjað er að tímaþættinum á mjög varfærnislegan hátt. Þannig sagði um kvenumsækjanda: *Ritvirkni hefur þannig skipst í tvö tímabil en hefur í heildina, og sl. 5 ár verið jöfn.* Hjá karlumsækjanda um sömu stöðu hafði hinsvegar *ritvirkni ... verið jöfn og stöðug* (Álit 26). Skemmtilegustu birtingarmynd tímaþáttarins er þó kannski að finna í öðru dómnefndaráliti úr raunvísindum. Að venju er fjallað um umsækjendur, tvær konur og einn karl, út frá nákvæmum stöðlum þar sem rannsóknarvirkni er nákvæmlega tíunduð. Þar vekur umræða um *frjótt* rannsóknartímabil hjá konunum í kjölfarið á einhvers konar hléi hins vegar athygli. Þarna virðist einhvers konar ómeðvituð yfirfærsla tungumálsins eða freudískt mismæli (*e. Freudian slip, slip of the tongue*) vera á ferð. Í dæmunum sem á eftir fara virðist næsta ljóst að tafirnar á rannsóknarferli kvenanna má kenna líffræðilegri

frjósemi þeirra, slík umræða er hins vegar algjörlega óviðeigandi í dómnefndarálitum og því umlykur þögnin þau hlé sem orðið hafa. Frjósemistalið er hins vegar yfirfært yfir í umræðuna um rannsóknarvirkni. En með því að koma hugtakinu að fer undirmeðvitundin af stað og hverjum sem les má vera ljóst hvað tafði konurnar áður. Eftirfarandi eru stutt brot úr þremur álitum, fyrst um tvær konur en síðan rekur karl lestina:

Við komuna heim verður nokkuð hlé á birtingu greina en eftir að hún tekur við forstöðu ... hefst frjótt tímabil ... og hefur hún síðan birt 19 greinar í alþjóðlegum tímaritum. (Álit 24).

Vísindastörf XY endurspeglast af starfsferlinum. Hún birti 3 greinar á árunum ... er tengjast doktorsritgerðinni ... Næsta grein birtist ... Frjótt tímabil hefst í ritferli XY árið ... Á þessum árum hefur hún birt 21 grein ásamt samverkamönnum ... á tiltölulega stuttum, virkum vísindaferli. (Álit 24).

Af ritskrá XX er ljóst að vísindastörf hans eru mjög samfelld og verður hvergi eyða í samkvæmt ritskránni. ... Vísindaferill XX er samfelldur og markviss. (Álit 24).

IV.7 Samantekt

Hér er hefur verið farið yfir hvers konar kynjuð einkenni birtust í þeim dómnefndarálitum sem greind voru í rannsókninni. Kynjuðum einkennum var skipt í fimm flokka. Það er: (1) *Kynjað orðalag*. Notkun á karl- eða kvenlægu líkingamáli þegar fjallað er um einstaklinga og verk þeirra. (2) *Úrdráttur og þöggun*. Hér er vísað til þess þegar umfjöllun um rannsóknarverk kvenna og kvengerðra umsækjenda er skorin við nögl og þögnin látin umlykja þau. (3) *Gagnrýni, aðfinnslur og leiðréttingar*. Fyrirbærið skýrir sig að mestu sjálf en umfjöllun undir slíkum formerkjum er meira áberandi þegar fjallað er um konur en karla. (4) *Jaðarsetning kvennafræðilegrar nálgunar*. Hér er skoðað hvort og þá hvernig fjallað er um femínískar eða kvenlægar rannsóknir, en svo virðist sem tilheiging sé til að jaðra slíkar rannsóknir. (5) *Áhrif tímans*. Svo virðist sem áherslan á jafna og stöðuga rannsóknarvirkni sé miðuð við „vísindamann“ sem hvorki þarf að fæða

börn né axla fjölskylduábyrgð af neinu tagi. Þessi áhersla á tímann er einkum áberandi í raunvísindum.

Meginniðurstaðan er sú að nauðsynlegt sé að hugsa áhrif kynferðis innan háskólasamfélagsins upp á nýtt. Í stað þess að einblína á kynjun sem birtist undir neikvæðum formerkjum, þ.e. sem neikvæð mismunun gagnvart konum er tímabært að huga að því sem kallað hefur verið „jákvæð mismunun karla“ eða „karlabónus“. Svo virðist sem karllæg viðmið og gildi móti enn vísindasamfélagið, vísinda(karl)*maðurinn* er normið. Um hann er því alla jafnan farið mildari höndum en vísinda*konur* sem enn birtast sem einhvers konar frávik. Rannsóknir þeirra og verk eru því gaumgæfð af meiri kostgæfni og út frá gagnrýnna sjónarhorni en verk og ferill karla.

V. Kyn þeirra sem sitja í dómnefndum.

Í *Reglugerð fyrir Háskóla Íslands*, frá 26. júní 2000, III. kafla, 42. grein, segir svo um kynjaskiptingu í dómnefndum:

Skal þess gætt að bæði karlar og konur sitji í dómnefnd eftir því sem kostur er. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og viðkomandi deild hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Þar sem því verður við komið skulu tilnefningaraðilar tilnefna bæði karla og konur til dómnefndarstarfa.⁵³

Síðasta hluta 42. greinar, þar sem kveðið er á um að hver einstakur tilnefningaraðili skuli tilnefna tvo aðila, einn af hvoru kyni til starfa í dómnefndum, var bætt inn í reglugerð Háskólans að tillögu jafnréttisnefndar frá 23. mars árið 2000, en án slíkrar tilnefningarskyldu allra tilnefningaraðila er hætt við að ákvæði um jafna kynjaskiptingu í dómnefndum yrði lítið annað en haldlaus viljayfirlýsing sem illa gengi að framfylgja.

Í *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004*, I. kafla, 3. grein, segir jafnframt:

Skipaðir verði fulltrúar af báðum kynjum í dómnefndir vegna nýráðninga og framgangs, verði því við komið, sbr. 20. grein laga nr. 96/2000.⁵⁴

Hin ótvíræða yfirlýsing um jafna kynjaskiptingu í háskóladómnefndum sem þarna kemur fram hafði ekki tekið gildi þegar skipað var í þær dómnefndir sem unnu álitin sem skoðuð voru í þessari rannsókn. Enda kom á daginn (sjá töflu 4) að af þeim 105 einstaklingum sem unnu að gerð dómnefndarálitanna 35 sem hér eru til skoðunar voru einungis 23 konur, eða 22%. Þannig voru 18 dómnefndir af 35 skipaðar karlmönnum eingöngu, 16 voru blandaðar, en ein var eingöngu skipuð konum.

⁵³ *Reglugerð fyrir Háskóla Íslands*, III. kafli, 42. grein.

<http://www.hi.is/stjorn/rektor/reglugerd%20hi%202000.html#42.%20gr.%20Dómnefnd>

⁵⁴ *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004*.

http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/jafnrettisaaetlun_H_I.html

20. grein laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hljóðar svo: „Í nefndum, stjórnnum og ráðum skal, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.“

Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort kyn dómnefndarmanna og þeirra sem sæti eiga í matsnefndum hvers konar hafi áhrif á kynhlutfall við stöðu- og styrkveitingar og á því eru raunar skiptar skoðanir. Í áðurnefndri rannsókn þeirra Wennerås og Wold voru aðeins 5 af 55 umsagnaraðilum konur. Vegna smæðar úrtaksins var þó engin leið að gera tölfræðilega úttekt á stigagjöf kvennanna og bera saman við karlana. Þar er hins vegar vísað í rannsóknir sem sýna að konur í matsnefndum hafi tilhneigingu til að leggja hlutlægara (e. *more objective*) mat á frammistöðu kynsystra sinna en karlkyns dómnefndarmenn.⁵⁵ Þá er hættara við að dómnefndir sem eingöngu eru skipaðar körlum séu blindari á kynbundnar staðalímyndir um „eðlileg“ kynhlutverk, þar sem lítið er gert úr hæfni kvenna til vísindaiðkana. Eins og fram hefur komið olli sænska skýrslan miklum usla í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi og í kjölfar hennar var allt matsferlið í Rannsóknasjóði heilbrigðisvísinda í Svíþjóð stokkað upp. Meðal þeirra aðgerða sem gripið var til í framhaldinu var að fjölga þeim konum sem komu að matsferlinu.⁵⁶ Rétt er þó að ítreka að fjölgun kvenna í dómnefndum ein og sér er engin trygging fyrir „jafnréttari“ útkomu. Hér er vert að staldra við umræðu Londu Schiebinger en hún segir að fjölgun kvenna í vísindum ein og sér breyti ekki vísindaheiminum. Kynjafræðileg meðvitund og pólitískur vilji til að breyta ríkjandi skipulagi og aðstöðu geti hins vegar skipt sköpum, og skipti þá ekki máli hvort gerendurnir eru karlar eða konur.⁵⁷ Áherslan á jafnréttisfræðslu innan Háskólans og mikilvægi þess að flétta jafnréttissjónarmið og kynjafræðilega umfjöllun inn í námsefnið þar sem við á, sem kemur fram í jafnréttisáætlun Háskólans, er einmitt viðbrögð við þessari staðreynd og tilraun til að knýja fram þá hugarfarsbreytingu sem er nauðsynleg til þess að raunverulegt jafnrétti komist á.⁵⁸

Það er hins vegar ljóst að kynjahlutfall í dómnefndum endurspeglar kynjahlutföllin í efri lögum í hverri fræðigreini fyrir sig. Fjölgun dómnefndarkvenna ætti því að auka á margbreytileika þeirra sjónarhorna sem beitt er við matsferlið og um leið að stuðla að bættu aðgengi kvenna inn í heim vísinda og fræða. Fjölgun kvenna í dómnefndum verður sér í lagi mikilvæg þegar áhrif kunningjasamfélagsins eru tekin með

⁵⁵ Wold, Agnes & Wennerås, Christine, „Commentary: Nepotism and Sexism in Peer-Review“, (1997).

⁵⁶ *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 44.

⁵⁷ Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed Science?* (1999), bls. 8–13.

⁵⁸ Sjá grein III. 3. *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004*, bls. 7.

í reikninginn. Þannig eru ýmsar „kynbundnar“ félagslegar hindranir sem standa í veginum fyrir því að fræðikonur nái jafn auðveldlega að mynda og viðhalda kunningjatengslum við karlkyns félaga sem oftast eru í meirihluta innan fræðanna. Hér er verið að tala um óformlegar félagslegar aðstæður eins og það að spila saman fótbolta og fara saman og fá sér bjór eftir leik. Bandarísk rannsókn tiltók sérstaklega ólíka stöðu kynjanna við óformlegar aðstæður sem oft skapast í móttökum eða ráðstefnuhléum þar sem ætlast er til að fólk blandi geði og spjalli á léttu nótonum. Eftirfarandi er lýsing konu á slíkum aðstæðum:

Men ... stood in the hallways and found the great men and went over and shook their hands or took themselves terribly seriously and they said any kind of thing that came to their head. I call it “professor talk” ... and I found it waste of my time.⁵⁹

Greinarhöfundar benda hins vegar á að óformlegt spjall af þessu tagi, sem konur í rannsókninni vísuðu gjarnan til sem *bull session* eða *chatty self-promotion*, þjónuðu mikilvægu félagslegu hlutverki þar sem þarna færi fram vísir að tengslamyndun innan fræðanna. Slíkt „spjall yfir rauðvinsglasi“ getur þannig rifjast upp seinna og gefið bónusstig þegar dómnefndarmenn standa frammi fyrir því að velja á milli tveggja jafnhæfra umsækjenda. Eftirlit með kynjahlutfalli í dómnefndum vísindasamfélagsins var sett á aðgerðalista ETAN-skýrslunnar sem fjallaði um það hvernig hægt væri að tryggja bættan hlut kvenna við útteilingu rannsóknarstyrkja.⁶⁰ Þá var fjölgun kvenna í þeim nefndum sem koma að mannráðningum meðal þeirra aðgerða sem gripið var til við bandaríska háskólann MIT eftir að gerð var opinber skýrsla sem sýndi gróft kynjamisrétti er sneri að ráðningum og starfskjörum háskólakvenna við stofnunina.⁶¹

Það reyndist hins vegar erfitt að sýna fram á afgerandi tengsl milli kyns þeirra sem dómnefndir skipuðu og tíðni og umfang kynjaðra einkenna í þeim dómnefndarálitum sem skoðuð voru í þessari rannsókn. Þannig var talsvert um að dómnefndir sem eingöngu

⁵⁹ Sonnert, Gerhard, and Holton, Gerald, „Career patterns of women and men in science“, (1996), bls. 5 af 11.

⁶⁰ *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 45.

⁶¹ „A Study on the Status of Women Faculty in Science at MIT“, (1999).

voru skipaðar körlum beittu engum kynjuðum einkennum, sömuleiðis voru dæmi þess að mjög grófa kynjun væri að finna í þeim álitum sem kynjablandaðar dómnefndir sendu frá sér.

V.1 Samantekt

„Jafnrétt“ kynjahlutfall í dómnefndum hlýtur að vera einn þeirra þátta sem fyrst er horft til þegar jafnrétti innan háskólasamfélagsins er tekið til skoðunar. Konur voru einungis 22% þeirra dómnefndarmanna sem komu að gerð dómnefndarálitanna sem greind voru í þessari rannsókn. Fjölgun kvenna í dómnefndum ein og sér hrekkur þó ekki til. Mikilvægt er að greina á milli líffræðilegs kyns annars vegar og femínískrar eða kynjafræðilegrar meðvitundar hins vegar. Fjölgun kvenna í dómnefndum verður því að haldast í hendur við aukna meðvitund háskólafélks um hugsanleg áhrif kynjavíddarinnar á matsferli og framgang innan háskólasamfélagsins.

VI. Aðrir áhrifaþættir

Eins og fram hefur komið er kyn umsækjenda aðeins ein breyta af mörgum áhrifaþáttum sem eru að verki og lita dómnefndarálit Háskóla Íslands. Aðrir þættir sem augljóslega spila inn í, en stundum getur verið erfitt að bera kennsl á, eru hlutir eins og *innherjatengsl*, *deilda- og skorapólitík* og loks *þjóðerni umsækjenda*. Þótt þetta sé eitthvað sem raunverulega fellur utan við þá rannsóknarspurningu sem lagt var upp með í byrjun verður nú gerð stutt gein fyrir hverjum þessara þátta þar sem þeir hafa áhrif á þá heildarmynd sem hér hefur verið dregin upp.

VI.1 Innherjatengsl (e. Nepotism)

Það að hafa tengsl inn í þá deild sem sótt er um í, að vera innanbúðarmaður (kona) og þekkja til, getur skipt miklu máli. Þeir sem þegar eru komnir með annan fótinn eða báða inn í Háskólann, hafa staðið sig vel og njóta velvilja meðal samstarfsfólks eiga þannig augljóslega greiðari leið en þeir sem standa utan Háskólans. Sömuleiðis virðist skipta máli að hafa tekið að minnsta kosti eitthvað af sínu háskólanámi við Háskóla Íslands og hafa þannig náð að mynda kunningja- eða fræðatengsl inn á sitt fagsvið. Það að fólki, sem þegar hefur getið sér góðs orðs og sannað hæfni sína, skuli yfirleitt vegna betur en þeim sem nýir koma er ekkert óeðlilegt í sjálfu sér. Það getur þó tekið á sig neikvæðar myndir þegar „vald kunningjasamfélagsins“ fær hærra vægi en menntun, reynsla og rannsóknarvirkni. Í rannsókn sænsku vísindakvennanna Wennerås og Wold, sem áður hefur verið getið, kom fram að „vináttubónus“ eða það að þekkja til einhvers í dómnefnd var einn af þremur afgerandi áhrifaþáttum sem réðu úrslitum um veitingu styrkja. Vísindasamfélagið er þannig, þvert á eigin væntingar, ekki hafið yfir persónulega þætti eins og áhrif þess að þekkja mann sem þekkir mann, þótt slíkt gangi þvert gegn þeirri hlutlægniskröfu (e. *objectivism*) sem þar er í hávegum höfð.⁶² Það að vald kunningjasamfélagsins vegi þungt við litla stofnun eins og Háskóla Íslands þar sem „allir þekkja alla“ ætti tæpast að koma á óvart. Eftir lestur dómnefndarálitanna 35 hefur sú tilgáta heldur styrkst. Þannig finnast dæmi þar sem menntun og starfsreynsla á Íslandi virðast vera teknar fram yfir menntunarstig og rannsóknarvirkni. Sá einstaklingur sem dómnefnd taldi hæfastan til að gegna prófessorsstöðu hafði þannig ekki enn varið

⁶² Wold, Agnes & Wennerås, Christine, „Commentary: Nepotism and Sexism in Peer-Review“, (1997).

doktorsritgerð sína. Aðrir umsækjendur sem allir höfðu lokið doktorsprófi, en fyrst og fremst starfað erlendis (þar af einn útlendingur sem þrátt fyrir mikla rannsóknarvirkni hlaut ekki hæfnisdóm), fengu eftirfarandi ummæli um sig í niðurstöðum:

[They] have already defended their theses while working in active research groups [erlendis] ... [They] have all worked in research groups of a high international standard. While it is clear that they have all been active and productive participants in their groups, they have not yet managed to present a strong, independent research profile as one might have expected. (Álit 23).

Um þá umsækjendur sem tekið höfðu stærri hluta af sínu háskólanámi hérlendis og því dvalið lengur á Íslandi sagði hins vegar:

Both have worked at international ... centers ... but have been able to develop a more independent cause in their research. Their investigations seem to have been less brought forward by the work in a research group and more by personal drive. This background may have made them stagger somewhat behind their colleagues in the number of publications ... However they have been very productive recently. (Álit 23).

Loks hafði sá kandídat sem stöðuna fékk ákveðinn „Íslandsbónus“.

He is clearly an original and independent investigator ... His field of interest is an area ... where Iceland has several advantages. (Álit 23).

Harkalegar athugasemdir og stjórnsýslukæra fylgdu í kjölfar þessa dóms en honum var í engu hnikað og sá karl sem dómnefnd taldi hæfastan var ráðinn í stöðuna. Í öðru dæmi úr sömu deild virðast innherjatengsl, deildarpólitík og kyn umsækjanda vera samofin. Kona hafði þannig, ein umsækjenda, lokið doktorsprófi og í dómnefndaráliti segir:

Hún hefur nær stöðugt stundað vísindarannsóknir um margra ára skeið sem eru miklar að vöxtum og gæðum ... Rannsóknir hennar eru frumlegar og hagnýtar í senn. (Álit 25).

Þá er rannsóknarvirkni hennar nákvæmlega tíunduð og þar kemur fram að hún leggur fram 26 greinar í A flokki og er fyrsti höfundur af 19 þeirra. Karl sem líka sótti fékk hins vegar eftirfarandi ummæli frá dómnefnd:

Rannsóknir ... eru athyglisverðar og hafa birst í virtum tímaritum. ... XX leggur fram 12 greinar í A flokki og er hann fyrsti höfundur á þremur þeirra. Í umsögn [sem fylgdi með umsókninni] segir að XX sé annálaður kennari. Stúdentar og [samstarfsmenn] ljúka upp einum rómi um að kennsla hans sé skýr og innihaldsrík og komi að góðum og hagnýtum notum. (Álit 25).

Hér kvað dómnefnd upp þann úrskurð að hún teldi alla umsækjendur mjög vel hæfa en konuna hæfasta á grundvelli vísindaframlags. Eftir að starfi dómnefndar lauk varð hins vegar deildarpólitíkin yfirsterkari. Þannig kvöddu tveir karlar sér hljóðs á deildarfundi og bentu á mikilvægi kennsluframlags karlumsækjanda og í leynilegri atkvæðagreiðslu í deild hlaut hann yfirgnæfandi meirihluta atkvæða og var ráðinn til starfsins, þrátt fyrir að sú ráðning stangaðist á við jafnréttisstefnu Háskólans þar sem mikill meirihluti fastráðinna kennara í deildinni eru karlmenn.

VI. 2 Deildar- og skorapólitík

Eins og nærri má geta er talsverð skörun á milli þess sem hér er flokkað sem deildar- og skorapólitík og svo innherjatengsla og er ekki alltaf auðvelt fyrir utanaðkomandi að greina hvað raunverulega ræður för. Í einhverjum tilfellum virðist þó vera búið að eyrnamerkja stöður ákveðnum aðilum og/eða fagáherslum. Í slíkum tilfellum er fagáhersla eða sérsvið viðkomandi skrófað upp á kostnað rannsóknarvirkni, kennslu- og stjórnunarreynslu. Í einu slíku tilfelli tók dómnefnd þá ákvörðun að setja masterspróf í tiltekinni grein sem skilyrði fyrir ráðningu þótt það kæmi ekki fram í auglýsingunni, en með því var fagáherslunni breytt frá upprunalegri auglýsingu og tveir af þremur

umsækjendum útilokaðir frá því að geta fengið hæfnisdóm (Álit 1). Í öðru tilfalli lagði dómnefnd ofuráherslu á fræðilegar rannsóknir en gerði að engu kennslureynslu í faginu eða hagnýta starfsreynslu af vettvangi þrátt fyrir að um hagnýta námsbraut væri að ræða enda hafði enginn dómnefndarmanna sérfræðipækkingu í því fagi sem um ræddi (Álit 2).

Þess eru og dæmi að menn sem ógna viðteknum vísindaviðmiðum tiltekinnna fræðigreina, eru jafnvel einhvers konar utangarðsmenn innan fræðasamfélagsins, sendi inn umsóknir og að sjálfsgöðu er um þá fjallað. Fyrri hópurinn, þeir sem ógna á einhvern hátt vísindaviðmiðum sinna fræðisviða, hafa þegar birst í köflunum á undan þar sem kynjuðum einkennum er gjarnan beitt í umfjöllun um þá til að draga úr trúverðugleik þeirra sem fræðimanna, þeim verða því ekki gerð nánari skil (Álit 18). Hér verður hins vegar gerð stutt grein fyrir umsækjendum sem flokka má sem „utangarðsmenn“ en þeim hefur hingað til verið haldið utan við rannsóknina. Þessir menn eiga raunverulega enga von innan matskerfisins og dæmi eru til að um þá sé fjallað nánast á írónískum nótum. Eftirfarandi umsögn er um fræðimann sem sannarlega hafði lokið tilskilinni menntun. Hann birtist hins vegar sem utangarðsmaður, eða jafnvel hálfgerður trúður, í meðferð dómnefndar. Öll umfjöllun um hann og verk hans er á frekar háðskum nótum en eftirfarandi er brot úr lokakafla dómnefndarálitsins:

Einföld ... fræðileg hugtök eru einnig illa skilgreind og er hugtakanotkun geigandi ef ekki beinlínis röng ... Hann bætir því svo við í sviga að því miður muni hann ekki hver það var. Þannig vitnar hann stundum í heimildir eftir minni. ... Fjöldmörg dæmi er að finna í ritinu um slíkan hugtakarugling. ... Fyrir kemur að höfundur vísar beinlínis í eigið þekkingarleysi. (Álit 13).

VI. 3 Þjóðerni: Við og hinir

Áberandi er hversu erlendir umsækjendur eiga erfitt uppdráttar við Háskóla Íslands, bæði í dómnefndarálitum og síðar á ferlinum, þegar kemur að kosningu í deild. Rannsóknarvirkni og reynsla virðast þannig léttvægari en tengsl inn í íslenskt samfélag og íslenskukunnátta. Dómnefnd, sem fjallaði um stöðuveitingu þar sem tveir af fjórum umsækjendum voru erlendir, sendi þannig frá sér mjög misvísandi skilaboð þegar hún

gerði tungumálakunnáttu erlendu umsækjendanna að umtalsefni um leið og tekið var fram að íslenskukunnátta skipti ekki máli fyrir umrædda stöðu.

XX clearly has a firm command of Icelandic. The committee takes no position toward linguistic competence as a qualification for the advertised post. (Álit 15).

XY does not speak Icelandic, but she states ... that ... she would undertake to learn Icelandic so as to be able to teach in the language within a reasonable time. XY is skilled at languages and speaks extremely fluent English and French in addition to her native [language]. In any case, the committee takes no position toward linguistic competence. (Álit 15).

Jafnvel þegar kemur að kennslu erlendra tungumála hafa Íslendingar ákveðið forskot. Þannig er dæmi um að meginhluti dómnefndarálits hafi upphaflega verið birtur á íslensku þrátt fyrir að einn dómnefndarmanna og tveir umsækjenda væru af erlendu þjóðerni og töluðu enga íslensku. Vegna harkalegra athugasemda var álitid endurskoðað og þýtt yfir á ensku. Eftirfarandi klausa birtist um námsferil íslenska umsækjandans:

... lauk hún MA-prófi í [tungumálinu] Í því felst að XY hefur staðist „viðtækt þekkingarpróf sem spannar menningu, þjóðlíf, bókmenntir [viðkomandi lands] frá miðöldum til okkar daga“. (Álit 21).

Athygli vekur að dómnefnd gefur umsækjanda sjálfum orðið en textinn er tekinn beint upp úr hennar eigin umsókn. Í lok upprunalegu útgáfunnar var eftirfarandi klausu að finna, þrátt fyrir að ekki hefði verið leitað eftir því við dómnefnd að hún forgangsraðaði umsækjendum:

We feel it is our responsibility to express an opinion about the relative suitability of the two candidates. The panel anonymously agree that the breadth of [Íslendingins] training and her research interests make her more likely to meet

the needs of the Department ... Her education and research clearly lie in the field of ... in the way that [útlendingins] do not. (Álit 21).

Þessi lokaklausa var síðan klippt út í endanlegri útgáfu vegna athugasemda frá erlendu umsækjendunum. Í kaflanum að framan um innherjatengsl var sagt frá því að útlendingur með mikla rannsóknarvirkni og doktorspróf hlaut ekki hæfnisdóm enda kemur fram í dómnefndarálitinu að: *XX writes in his application ... that he has little knowledge about ... practice in Iceland* (Álit 23). Þá er annað dæmi þar sem sex erlendir fræðimenn voru meðal umsækjenda. Einn dró umsókn sína til baka áður en dómnefndarálit lágu fyrir. Þrír fengu hæfnisdóm og raunar fékk einn þeirra mjög lofsamlega dóma:

XX is a top quality research scientist who would be welcome in almost any research institution in the world. ... He has exceptional potential as research scientist. (Álit 32).

Viðkomandi dró þó umsókn sína til baka áður en kom að afgreiðslu í deild. Tveir erlendir umsækjendur voru þá eftir með hæfnisdóm en í kosningu á deildarfundi hlutu þó einungis Íslendingarnir atkvæði.

Að lokum er svo skemmtilegt dæmi þar sem sérstaklega er tekið fram að verðugur karlumsækjandi, sem er af erlendu bergi brotinn, sé í raun íslenskur ríkisborgari: *Hann flutti til Íslands árið ... og varð íslenskur ríkisborgari árið ...* (Álit 13).

VI. 4 Samantekt

Þótt megináhersla rannsóknarinnar hafi verið á kynferði og kynjaða umfjöllun fór ekki hjá því að aðrir áhrifaþættir, sem einnig geta litað matsferlið og umfjöllun um einstaklinga og verk þeirra, kæmu upp á yfirborðið. Þetta eru þættir eins og innherjatengsl, eða það að þekkja til á réttum stöðum, og það sem kalla má deilda- eða skorapólitík. Það er þó eitthvað sem erfitt er fyrir utanaðkomandi að reka fingurinn í. Loks er áberandi að erlendir umsækjendur við Háskóla Íslands eiga á brattan að sækja, íslenskur ríkisborgararéttur og íslenskukunnátta virðast því stundum geta riðið baggamuninn þegar valið er á milli annars jafnhæfra einstaklinga.

VII. Almenn samantekt

Í *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004* er jafnréttisstefna Háskólans mörkuð. Þar er skýrt kveðið á um að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfssemi Háskólans og að jafnréttisstarfið sé liður í gæðaumbótum innan háskóla- og vísindasamfélagsins. Meðal þeirra séraðgerða sem boðaðar eru í jafnréttisáætluninni er að ráðist verði í sérstaka athugun á dómnefndarálitum. Í slíkri rannsókn skuli kannað hvort einstaklingum sem ganga í gegnum hefðbundið matsferli vegna umsókna um lektors-, dósent- eða prófessorsstöður við Háskóla Íslands sé á einhvern hátt mismunað í hefðbundnu matsferli skólans og hvort orðfæri sé kynjað. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er afrakstur slíkrar greiningar.

Rannsóknin er að hluta til viðbrögð við þeirri staðreynd að konur standa enn höllum fæti innan háskólasamfélagsins. Þær eru í miklum minnihluta í nefndum og ráðum innan Háskóla Íslands og koma ekki nægilega að stjórnun og stefnumörkun innan stofnunarinnar, þar sem þær eru ekki til staðar þar sem ákvarðanir eru teknar. Þá er ljóst að konur skila sér illa upp í efstu stöður. Þær eru rétt rúmlega fjórðungur af heildarfjölda fastráðinna kennara við stofnunina, en ef rýnt er í kynjahlutfall á einstaka þrepum hins akademíska stiga kemur í ljós að konum fækkar eftir því sem ofar dregur. Konur eru 51,2% lektora, kvendósentar eru 26,8% en aðeins 11,3% af prófessorum við Háskóla Íslands eru konur.⁶³ Vísendingar eru um að fleiri og margþættari hindranir mæti konum innan vísindasamfélagsins en körlum og erlendar rannsóknir hafa sýnt að kynjað matsferli er einn þeirra áhrifa- og skýringaþátta sem nauðsynlegt er að gaumgæfa og bregðast við.

Kynjað matsferli við mannaráðningar er þó ekki eina hindrunin sem konur standa frammi fyrir heldur hlekkur í flóknu og margslungnu neti sem á sér djúpar menningarlegar rætur. Á ráðstefnu Evrópubandalagsins *Kyn og rannsóknir* (e. *Gender and Research*) sem haldin var í Brussel 8.–9. nóvember 2001 var gert upp við þá goðsögn að vísindin væru hlutlaus og kynlaus: „Þau geta ekki verið það þar sem þau endurspeglar líf og samfélagslegan veruleika þeirra sem ástunda þau. Svo lengi sem karlar

⁶³ Fjöldi starfsmanna við Háskóla Íslands. Samtölur kennara unnið úr starfsmannaskrá 1. september 2001. Heimasiða starfsmannasviðs Háskóla Íslands, <http://www.hi.is/stjorn/starf/fjoldi.html>

eru þar í meirihluta er hætta á að vísindin birti skakkan veruleika.⁶⁴ Ef horft er yfir samfélagið nú til dags blasir við kynjað mennta- og atvinnulandslag sem bæði er orsök og afleiðing kynbundins náms- og starfsvals. Fyrir vikið eru ennþá til fræðasvið sem nær eingöngu eru skipuð einstaklingum af öðru kyninu. Með jafnréttisáætlun Háskóla Íslands er gerð tilraun til að bregðast við þessum vanda en í henni eru kynntar aðgerðir til að jafna kynbundið námsval í einstökum deildum og námsbrautum skólans. Þar er jafnframt kveðið á um að í auglýsingum skuli sérstaklega hvetja það kyn sem er í minnihluta á tilteknu sviði til að sækja um starfið og skýrt er tekið fram að þar sem tveir einstaklingar eru metnir jafnhæfir skuli umsækjandi valinn af því kyni sem er í minnihluta á tilteknu starfssviði. Loks er kveðið á um að skipaðir verði fulltrúar af báðum kynjum í dómnefndir Háskólans vegna nýráðninga og framgangs og ber öllum tilnefningaraðilum að tilnefna einstaklinga af báðum kynjum til setu í dómnefndum verði því við komið.⁶⁵

Niðurstöður erlendra rannsókna hafa sýnt að kyn er einn þeirra áhrifaþátta sem skiptir máli í vísindalegu matsferli og að dómnefndir eigi erfitt með að meta vísindalega hæfni algjörlega óháð kyni umsækjanda.⁶⁶ Sænsku fræðikonurnar, Wold og Wennerås, sýndu þannig fram á mjög sterka kynja- og kunningjaslagsíðu við úthlutun úr Rannsóknasjóði heilbrigðisvísinda í Svíþjóð. Með rannsókninni þrýstu þær á vísindaheiminn að endurskoða ríkjandi hugmyndir um að matsnefndir skipaðar jafningjum úr vísindasamfélaginu væru hafnar yfir persónulegar og samfélagslegar væntingar um hlutverk og stöðu kynjanna, eða þá tilhneigingu að velja frekar samstarfsmenn sem þeir vita einhver deili á og sem hafa svipaðan bakgrunn og rannsóknarferil og þeir sjálfir.⁶⁷ Þá er niðurstaða bandarísku fræðikonunnar Londu Schiebinger athyglisverð, en hún talar um að fjölgun kvenna ein og sér breyti ekki vísindaheiminum. Kynjafræðileg meðvitund og pólitískur vilji til að breyta ríkjandi skipulagi og aðstæðum þurfi einnig að koma til og þar geti bæði jafnréttissinnaðir karlar og konur lagt sitt lóð á vogarskálarnar. Því er mikilvægt að halda uppi öflugri

⁶⁴ Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Fjölgun kvenna í vísindum. Ekki bara jafnréttisspursmál heldur nauðsyn“. (2002)

⁶⁵ *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004*.

http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/jafnrettisaaetlun_H_I.html

⁶⁶ Sjá, Fürst, E., *Kvinner i Akademia – inntrenger i en mannskultur?* (1988), Wold, Agnes and Wennerås, Christine, „Commentary: Nepotism and sexism in peer-review“, (1997), Steinpreis, Rhea E., Anders, Katie A., and Ritzke, Dawn, „The Impact of Gender on the Review of the Curricula Vitae“, (1999). *Science policies in the European Union*, (2000), bls. 33–38.

jafnréttisfræðslu sem teygir anga sína inn á öll svið háskólasamfélagsins. Nauðsynlegt er að tryggja áframhaldandi vöxt og viðgang náms í kynjafræðum til þess að þær kynslóðir sem nú og í framtíðinni eru að stíga sín fyrstu skref út í atvinnulífið læri að tileinka sér gagnrýnið kynjafræðilegt sjónarhorn en sætti sig ekki við óbreytt ástand, þar sem jafnrétti er haldið á lofti í orði en ekki á borði.

⁶⁷ Wold, Agnes and Wennerås, Christine, „Commentary: Nepotism and sexism in peer-review“, (1997).

VIII. Meginniðurstöður

Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt voru skoðuð 35 kynjablönduð dómnefndarálit frá árunum 1997–1999 úr sjö deildum Háskóla Íslands. Þungamiðja rannsóknarinnar fólst í textarýni og sérstaklega var horft til þess hvort kyn væri hluti af þeim túlkunarramma sem beitt var til að meta vísindalegt hæfi. Lykilhugtök við greininguna voru hugtökin „kynjun“ og „kynjað málfar“. Sérstaklega var horft eftir því hvort staðalmyndir og samfélagslegar væntingar um karla og konur mótuðu á einhvern hátt afstöðu dómnefnda og umfjöllun þeirra um einstaklinga, athafnir og verk. Í ljós kom að íslenskt háskólasamfélag er ekki ónæmt fyrir áhrifum kynjunar frekar en sambærilegar stofnanir erlendis. Í þeim álitum sem skoðuð voru greindust ákveðin einkenni kynjunar. Þeim er skipt í fimm flokka: 1) *kynjað málfar*, 2) *úrdrátt og þöggun*, 3) *gagnrýni, aðfinnslur og leiðréttingar*, 4) *jaðarsetning kynjafræðilegrar nálgunar*, 5) *tímaþátturinn, þ.e. líftími vs. rannsóknartími*. Nú verða helstu einkenni hvers flokks fyrir sig reifuð stuttlega.

1. *Kynjað orðalag*

Þetta er um margt augljósasti flokkurinn, en hér er átt við notkun orðalags sem byggist á eða vísar til staðlaðra ímynda um karlmennsku og kvenleika. Algengasta birtingarmynd þessa er líkingamál sem vísar til athafna eða eiginleika sem hefðbundið er að eigna öðru kyninu frekar en hinu. Dæmi um kynjað líkingamál er þegar talað er um að einhver *glími við erfið verkefni* eða *hafi eitthvað á þrjónunum*. Í dómnefndarálitum er karllægt málfar yfirleitt meira áberandi, og hærra metið, kannski vegna þess að vísindi hafa lengst af verið skilgreind sem karllægt svið og því er okkur tamt að líta á hvers kyns akademískt orðfæri sem karllægt. Skilgreiningar á því hvað er karllægt (jákvætt) og kvenlægt (neikvætt) skarast þó á milli deilda og fræðasviða.

2. *Úrdráttur og þöggun*

Megineinkenni kynjaðrar umfjöllunar í dómnefndarálitum var ekki kynjað málfar heldur það sem í þessari skýrslu er kallað *úrdráttur og þöggun*. Úrdráttur felst í því að framlag kvenna, eða kvengerðra umsækjanda, er „þaggað“. Verk þeirra fá minni umfjöllun og gjarnan eru notuð smættandi heiti eða frasar til þess að draga

úr vísindalegri hæfni þeirra. Þannig er talað um *yfirlit* frekar en *frumlegar rannsóknir*, svo dæmi séu tekin. Um karla eða karlgerða umsækjendur eru hins vegar fjallað í löngu máli og oft án mikillar gagnrýni.

3. Gagnrýni, aðfinnslur og leiðréttingar

Þessi flokkur er um margt náskyldur þeim sem áður var nefndur. Rannsóknin leiddi í ljós að meira er um beinar aðfinnslur, efnislegar leiðréttingar og villuleit í umfjöllun um konur en karla. Rétt er að taka fram að í rannsókninni var ekki lagt mat á innihaldslegar forsendur fyrir gagnrýni á einstök verk heldur spurt hvort vitundin um kyn mótaði á einhvern hátt þær aðferðir sem beitt var við umfjöllunina. Meginniðurstaðan er sú að leiðréttingar og aðfinnslur um málfar, efnistöð og stíl komu gjarnan í stað heildstæðrar úttektar á rannsóknarverkum kvenna eða kvengerða umsækjenda.

4. Jaðarsetning kvennafræðilegrar nálgunar

Þessi flokkur lýtur sérstaklega að umfjöllun dómnefnda um kvenna- og kynjafræðileg viðfangsefni. Eitt af því sem einkenndi slíka umfjöllun var að dómnefndir fjalla gjarnan um slíkar rannsóknir sem *mikilvæg brautryðjendaverk*, en samtímis er talað um þær sem *þröngt og afmarkað svið*. Hér skipti þó kyn, en ekki síður kynjafræðileg vitund dómnefndarmanna, höfuðmáli. Þá komu fram vísbindingar um ákveðinn kynbundinn mun eftir því hvort umsækjendur voru karlkyns eða kvenkyns. Þegar karlar beittu kynjafræðilegu sjónarhorni var það oft tekið til marks um fræðilega víðsýni og dirfsku en sambærilegar rannsóknir fræðikvenna voru á einhvern hátt skrifaðar niður og afgreiddar sem þröngar og takmarkaðar jaðarrannsóknir.

5. Áhrif tímans – Líftími vs. rannsóknartími

Áhersla á jafna og stöðuga rannsóknarvirkni er einn af þeim lykilþáttum sem horft er til í dómnefndarálitum. Í ETAN-skýrslunni, sem áður er getið, er því haldið fram að heimur vísindanna sé karllægur og hið ríkjandi viðmið, „vísindamaðurinn“, karlkyns. Til að ná árangri þurfa konur því að lifa lífi sínu

eins og karlar, þeirra tímaklukka, sem oftast mótast af barneignum og sterkari fjölskylduábyrgð, er því frávik sem í besta falli er tekið tillit til en aldrei gengið út frá sem hinu eðlilega normi. Í dómnefndarálitum er hnykkt á því ef tafir verða í rannsóknarferli einstaklinga og stundum má lesa á milli línanna að hlé hjá konum hafi komið til vegna barneigna. Jafnvel eru dæmi um að kynt sé undir slík hugrenningartengsl með tali um *frjó rannsóknatímabil* í kjölfarið.

Það ber að taka það skýrt fram að kynjun er flóknara fyrirbæri en svo að hægt sé að einskorða hana með öllu við líffræðilegt kyn eða umfjöllun um konur sérstaklega. Nota má kynjað tungumál og kynjuð einkenni til þess að hækka og lækka félagslegt vægi þeirra einstaklinga sem um er fjallað óháð líffræðilegu kyni þeirra. Almennt má segja að því karllægari sem umræðan er, þeim mun jákvæðara sé álitid. Þá er mikilvægt að ítreka að þegar talað er um kvenleg einkenni þýðir það ekki að þau fyrirfinnist hjá öllum konum, eða konum eingöngu, heldur að þeir þættir séu almennt meira áberandi í umfjöllun um konur en karla. Þannig voru dæmi þess að kynjuð eða kvenleg einkenni væru notuð til þess að kvengera „óæskilega“ karlumsækjendur, en með því var kastað rýrd á trúverðugleika þeirra sem fræðimanna. Einnig mátti sjá dæmi þar sem frambærilegar konur fengu umfjöllun sem á allan hátt var mjög karllæg og um leið jákvæð. Með því að beita kynjuðum einkennum, sem oft gerist ómeðvitað, má auka eða draga úr tiltrú vísindasamfélagsins á þeim einstaklingum sem um ræðir. Kynjun er þó aðeins einn áhrifaþáttur af mörgum sem mögulega hafa áhrif á matsferlið. Aðrir áhrifaþættir, sem einnig lituðu dómnefndarálit, án þess að hafa nokkuð með kyn að gera, flæktu óneitanlega þá heildarmynd sem hér hefur verið dregin upp. Þetta voru þættir eins og *innherjatengsl, deildar- og skorapólitik, og þjóðerni umsækjenda*.

Í þessu samhengi er þó vert að gefa gaum að hugleiðingum Philippe Busquins, rannsóknarstjóra ESB, um samhengið milli kyns og fjölbreytileika. Hann talar um að „kynblinda hinnar vísindalegu orðræðu dragi ekki einasta hlut annars kynsins með því að taka ekki tillit til kynjamismunar, heldur hefur hún jafnframt tilhneigingu til að horfa fram hjá annars konar mismun. Með því að hafa kynin með í greiningunni ... er opnað fyrir fleiri blæbrigði í viðteknum og alhæfandi hugtökum“. Kynjafræði horfir ekki bara á konur og stöðu þeirra heldur líka á stöðu karla. „Það opnar augu okkar fyrir mismunandi

hegðun, áhugamálum og þörfum innan þessara hópa í stað þess að líta á þá sem einsleitar einingar. Þetta er áskorun fyrir hina vísindalegu rökhugsun sem leitast við að lýsa veruleikanum samkvæmt einhlítum lögmálum.“⁶⁸

Ein af meginniðurstöðunum, sem draga má af þeirri rannsókn sem hér hefur verið kynnt, og sambærilegum erlendum rannsóknum, er nauðsyn þess að hugsa um kynjamismunun innan vísindasamfélagsins upp á nýtt. Í stað þess að einblína á neikvæð einkenni kynjunar, þar sem konum er mismunað, er þarft að huga að því sem kallað hefur verið „jákvæð mismunun karla“ eða „karlabónus“. Svo virðist sem konur þurfi að ganga lengra til að sanna sig, litið er á rannsóknir þeirra og verk gagnrýnni augum og algengara er að umfjöllun um þær sé hlutlaus og frekar skorin við nögl á meðan karlar fá „klapp á bakið“ eða lofskotna umsögn um verk sín og reynslu. Þetta aukaklapp og smáhól getur síðan ráðið úrslitum þegar kemur að því að gera upp á milli jafnhæfra umsækjenda.

Háskóli Íslands tók djarfa ákvörðun með því að leggja út í rannsókn af þessu tagi og hefur með því skipað sér í hóp með öðrum framsæknum háskólastofnunum í heiminum þar sem jafnréttisstefna er lykilstef í allri ákvarðanatöku og stefnumótun. Í ljós hefur komið að kynjað matsferli er ein af þeim hindrunum sem verður að taka á til þess að raunverulegt jafnrétti ríki við Háskóla Íslands. Í þekkingarþjóðfélagi nútímans, þar sem menntun verður æ mikilvægari til að mæta vaxandi samkeppni í heimi aukinnar alþjóðavæðingar, hlýtur það að vera kappsmál fyrir Háskólann að tryggja jafnan hlut kynjanna á öllum sviðum háskólalífsins. Í 6. rammaáætlun ESB sem gildir frá 2002–2006 er talað um nauðsyn þess að leiðrétta kynjaskekkju í viðmiðum um vísindaleg gæði sem þátt í nútímavæðingu vísinda og rannsókna. Fjölgun kvenna í vísindum er því ekki aðeins spurning um jafnrétti heldur er hún vísindunum nauðsynleg. Íslenskt þjóðfélag hefur einfaldlega ekki efni á að fullnýta ekki þá fjárfestingu og það afl sem falið er í menntun og krafti kvenna. Háskóli Íslands, ein æðsta menntastofnun landsins og einn fjölmennasti vinnustaður þessa lands, hlýtur þar að vilja vera í fararbroddi og vísa veginn til framtíðar.

⁶⁸ CORDIS focus (184), gefið út af ESB, 5. nóvember, 2001, 1–2. Hér vitnað í Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir „Fjölgun kvenna í vísindum. Ekki bara jafnréttisspursmál heldur nauðsyn“. (2002) Sjá einnig <http://www.cordis.lu/focus/en/>

IX. Heimildaskrá

- „A study on the Status of Women Faculty in Science at MIT“. *The MIT Faculty Newsletter*. Vol. XI. No. 4. mars 1999, <http://mit.edu/fnl/women/women.html>.
- Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, frá 1966. Stjórnartíðindi C nr. 10/1979 og 11/1991.*
- Árbók Háskóla Íslands 1999*, Háskóli Íslands, Reykjavík, maí 2000.
- Árbók Háskóla Íslands 2000*, Háskóli Íslands, Reykjavík, maí 2001.
- „Fjöldi starfsmanna við Háskóla Íslands“. Unnið úr starfsmannaskrá 1 sept. 2001. *Heimasíða starfsmannasviðs Háskóla Íslands*.
<http://www.hi.is/stjorn/starf/fjoldi.html>
- Fürst, E., *Kvinner I Akademia – inntrenger i en mannskultur? Om ansettelsprossen ved universiteter og distriktshogskoler*. Oslo 1988.
- Ginther Donna K., & Hayes, Kathy J., „Gender differences in salary and promotion in the humanities“. *American Economic Review*, 89(2) 1999, 397–402.
- Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*. 2. útg. Reykjavík 1999.
- Heimasíða hjúkrunarfræðideildar*, 2001, <http://www.hi.is/nam/hjukrun/kennarar.html>
- Heimasíða viðskipta- og hagfræðideildar*, 2001, <http://www.hag.hi.is/deild/starfsf/starfsf.htm>
- Helga Kress, „Ekki höfum vér kvennaskap. Nokkrar laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í Njálu“. [greinin birtist fyrst 1977] *Fyrir dyrum fóstru. Konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum*. Reykjavík 1996, bls. 15–43.
- Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Fjölgun kvenna í vísindum. Ekki bara jafnréttisspursmál heldur nauðsyn“. *Fréttabréf Háskóla Íslands*. 1(24) mars 2002.
- Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004*. Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.
http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/jafnrettisaaetlun_H_I.html
- Krummacher, Sybille, „Nature debates: Equal opportunities: a necessity of quality in research“. *Nature*, 9. sept. 1999.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla*. Lög nr. 28 27. mars 1991.
<http://www.althingi.is/lagas/123b/1991028.html>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla*. Lög nr. 96 22. maí 2000.
<http://www.althingi.is/alttext/125/s/1311.html>
- Mannréttindasáttmáli Evrópu, frá 1950*. Sjá *Stjórnartíðindi C nr. 6/1987*.

Reglugerð fyrir Háskóla Íslands. Frá 26. Júní 2000.

<http://www.hi.is/stjorn/reaktor/reglugerd%20hi%202000.html#42.%20gr.%20Dórnnefnd>

Reglugerð um veitingu starfa háskólakennara. nr. 366/1997.

<http://www.hi.is/stjorn/handbok/2/2veitingstarfa.html>

Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed science?* Cambridge 1999.

Science policies in the European Union. Promoting excellence through mainstreaming gender equality. A report from the ETAN Expert Working Group on Women and Science, European Commission, Brussels 2000.

Sonnert, Gerhard, and Holton, Gerald, „Career patterns of women and men in science“. *American Scientist*, Vol. 84. Jan.1996.

Steinpreis, Rhea E., Anders, Katie A., and Ritzke, Dawn, „The Impact of Gender on the Review of the Curricula Vitae of Job Applicants and Tenure Candidates: A National Empirical Study“. *Sex Roles*, 41(7/8) 1999, bls. 509–528.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995, 65. gr.

<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1944033.html>

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, frá 1979. Stjórnartíðindi C nr. 5/1985.

Todd, Patricia and Bird, Delys, „Does Gender Make a Difference?“ *Gender in Promotion Procedures at the University of Western Australia.* The University of Western Australia, 2000.

Toren, Nina, *Hurdles in the Halls of Science, The Israeli Case.* Lexington Books, Lanham, 2000.

„Töflur um fjölda stúdenta með skráningastöðu“. Tölur teknar 26. janúar 2001.

Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Wold, Agnes and Wennerås, Christine, „Commentary: „Nepotism and sexism in peer-review“. *Nature*, Vol. 387. 22. maí 1997.

„Women hit glass ceiling in economics“ *The Guardian*, 20. ágúst 1999.

Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti? Staða kvenna í háskólasamfélaginu“. Byggt á erindi sem flutt var hjá Rannsóknastofu í kvennafræðum 29. okt. 1998. *Bryddingar um samfélagið sem mannanna verk.* Reykjavík 2000.

